# FRÉTTABLAÐIÐ

162. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 15. JÚLÍ 2019




Helgarnar hafa verið sprellfjörugar í Árbæjarsafni í sumar. Í gær voru nikkurnar þandar í miðjum heyönnum þegar Harmóníkuhátíð Reykjavíkur var haldin í tuttugasta sinn. Gamla brýnið Reynir Jónasson vakti mikla athygli og sýndi og sannaði að harmóníkuleikur er töff þegar hann trommaði upp með hið sígilda lag Ég er kominn heim. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Pólverjar hætta við kröfu um framsal

**Pólsk yfirvöld hafa dregið til baka kröfu um framsal eins eigenda Euro-Market verslananna og fellt niður alþjóðlega handtökuskipun. Málið hefur velkst um í kerfinu í eitt og hálft ár. Verjandi mannsins segir málið, sem er að engu orðið, með algerum ólíkindum.**

**LÖGREGLUMÁL** Pólsk yfirvöld hafa fellt niður alþjóðlega handtökuskipun á hendur pólskum manni, búsettum hér á landi og dregið til baka kröfu um framsal mannsins frá Íslandi til Póllands. Pólsk yfirvöld óskuðu fyrst eftir framsali mannsins í desember 2017 er hann var í gæsluvarðhaldi hér vegna rannsóknar á skipulagðri brotastarfsemi, fíkniefnainnflutningi, peningaþvætti, fjársvikum, brotum á vopnalögum, lyfjalögum og fíkniefnaframleiðslu.

Héraðsdómur hafnaði kröfu um framsal í fyrra með vísan til framsalslaga sem heimila ekki framsal manns sem sætir gæsluvarðhaldi eða farbanni, vegna rannsóknar annars máls en þess sem framsalsbeiðni byggir á. Landsréttur staðfesti þann úrskurð.

Maðurinn hafði þá verið í farbanni vegna rannsóknar íslenskra stjórnvalda sem felld var niður en maðurinn í staðinn úrskurðaður í farbann með vísan til framsalskröfunnar. Í kjölfarið var framsalið heimilað með dómsúrskurði.



**Steinbergur Finnbogason lögmaður.**

„Maðurinn hefur fengið það sem kallað er griðabréf frá pólskum yfirvöldum. Það þýðir að honum er óhætt að fara til Póllands og gefa skýrslu og eftir atvikum að koma svo aftur til Íslands,“ segir Steinbergur Finnbogason, verjandi mannsins. Hann segir skjólstæðing sinn þurfa að leggja út tryggingagreiðslu með loforði um að hann mæti til skýrslugjafar í Póllandi.

Steinbergur segir mál þetta orðið með algerum ólíkindum. “Það hófst með mikilli skrautsýningu á blaðamannafundi og er að engu orðið. Bara þessi framsalshluti málsins hlýtur að hlaupa á tugum milljóna í kostnaði og svo fella Pólverjar það bara niður.”

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur nú lokið rannsókn málsins og verður það nú sent ákærusviði. Þetta kemur fram í svari lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu við fyrirspurn Fréttablaðsins. Meint brot sem voru til rannsóknar eru peningaþvætti, fjárdráttur og fíkniefnalagabrot. **– aá**

## Hótar vatnsleysi

**SKIPULAGSMÁL** Eigandi jarðarinnar Þúfukots í Kjósarhreppi leggst alfarið gegn því að hreppurinn leyfi að sumarhúsalóð á landinu verði breytt í íbúðarhúsalóð þannig að eigandi helmingshlutar í sumarbústað geti haft þar lögheimili. Hann boðar að skrúfað verði fyrir vatnið til sumarhússins.

Lögmaður eiganda Þúfukots segir hann ekki geta fallist á að Nýjakot verði íbúðarhús vegna þess að umgengni lóðarhafans þar sé með eindæmum slæm. „Mikið drasl og óþrifnaður er fyrir á lóðinni sem veldur foktjónshættu og almennu lýti.“

Hreppsnefnd Kjósarhrepps fól á síðasta fundi sínum skipulags- og byggingarfulltrúa hreppsins að kynna konunni sem sækir um breytinguna innihald bréfs lögmanns eiganda Þúfukots.

**– gar** **Sjá síðu 2**

## Þingmaður dæmdi leiki

**LÍFIÐ** Willum Þór Þórsson, þingmaður Framsóknarflokksins og formaður fjármálanefndar Alþingis stökk til og dæmdi nokkra leiki á Símamótinu í knattspyrnu um helgina og hafði lítið fyrir því enda reyndur leikmaður og þjálfari. -

„Ég hef nú aðallega haft skoðanir á dómgæslu í gegnum tíðina,“ segir þingmaðurinn og segist halda ró sinni fullkomlega þótt hann eigi barn sem berjist á vellinum. Hann sé víðs fjarri því að vera „fótboltapabbi“ sem standi gargandi brjálaður við hliðarlínuna. **– þþ /** **sjá síðu 38**









## Veður




Suðaustlæg átt, 3-10 m/s og dálítil rigning eða súld víða um land, en þurrt að kalla NA til fram undir kvöld. Áfram skýjað og lítilsháttar úrkoma í flestum landshlutum í dag. Hiti 12 til 20 stig, hlýjast norðaustanlands. SJÁ SÍÐU 16

# Ferðamaðurinn er alltaf einn



Þótt risastór skemmtiferðaskip hafi verið tíðir gestir í höfnum víðs vegar um landið síðustu ár vekja þessi fljótandi þorp enn athygli og stundum furðu. Eitthvað hefur á köflum verið amast við því að lítið sé af farþegum risafleyjanna að hafa. Þeir stoppi stutt, mengi mikið og skilji lítinn gjaldeyri eftir í landi. Þessi einmana sæfari var í það minnsta ekkert að flýta sér í land í Reykjavík í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Geimflaugarusl lendir í íslenskri landhelgi

**GEIMFERÐIR** Bretar munu taka fyrsta geimflaugapall sinn í notkun, í Sutherland í Skotlandi, á næstu árum. Áhyggjur íbúa á svæðinu hafa þó aukist því að talið er að notkunin verði mun meiri en áætlað var í fyrstu, eða allt að 40 skot á ári en ekki sex. Brot úr geimflaugunum munu falla í sjóinn vestan við Færeyjar, suðaustan við Ísland.

Brotin geta orðið allt að 30 metra löng og tveir metrar í ummál, tvöfalt stærri en upphaflega var áætlað.

Þrátt fyrir þá uppbyggingu atvinnulífs sem geimstöðin færir þá óttast íbúar að hávaðinn og sjónmengunin verði mikil. **– khg**

## Ekkert öngþveiti á göngugötum þó hreyfihamlaðir megi keyra þar

**BORGARMÁL** Bergur Þorri Benjamínsson, formaður Sjálfsbjargar, segir það sofandahátt hjá borginni að hafa ekki komið að athugasemdum um ný umferðarlög. En í Fréttablaðinu á laugardag greindi Pawel Bartoszek, borgarfulltrúi Viðreisnar, frá því að frumvarpið hefði tekið breytingum í meðförum þingsins og þær farið fram hjá borgarfulltrúum.

Um er að ræða heimild hreyfihamlaðra, með svokölluð P-kort, til að keyra inn á göngugötur. Samkvæmt upprunalega frumvarpinu átti aðeins ferðaþjónusta fatlaðra að hafa slíka heimild. Frumvarpinu var breytt eftir að Öryrkjabandalagið og Sjálfsbjörg sendu inn athugasemdir.

Bergur segir þessar breytingar í samræmi við það sem gengur og gerist erlendis. Hreyfihömluðum sé hleypt inn í gegnum stýrihlið, ekki ósvipuðum þeim sem þekkjast á sumarbústaðasvæðum.



**Bergur Þorri Benjamínsson, formaður Sjálfsbjargar.**

„Þá er opnað þegar hringt er í númer og sönnuð á sér deili,“ segir Bergur við Fréttablaðið. „Viðkomandi er þá leyft að keyra göngugötur á mjög vægum hraða, um 10 kílómetrum á klukkustund. Ég sé ekki af hverju það ætti ekki að ganga hér eins og annars staðar.“

Þá hafnar Bergur því alfarið að umferðaröngþveiti verði á göngugötum þó að P-kortahafar fái að keyra þar um. Pawel taldi að betra væri að bæta aðgengi fyrir hreyfihamlaða á götunum sjálfum en að hleypa þangað bílaumferð. Bergur efast um að það yrði gert.

„Ég get veðjað þremur slitnum nagladekkjum og brotinni bjórflösku að aðgengi að búðum á Laugaveginum mun ekki lagast innan þriggja ára.“ **– khg**






# Segist loka fyrir vatn til sumarhúsaeiganda

**Eigandi jarðarinnar Þúfukots í Kjósarhreppi sættir sig ekki við að kona sem á helmingshlut í sumarbústað á landinu skrái lögheimili þar. Hann boðar að skrúfað verði fyrir vatnið til sumarhússins. Konan tjáir sig ekki um málið.**

**SKIPULAGSMÁL** Einkahlutafélagið Dap sem á jörðina Þúfnakot í Kjós leggst alfarið gegn því að hreppurinn leyfi að sumarhúsalóð á landinu verði breytt í íbúðarhúsalóð eins og kona sem á helmingshlut í frístundahúsi sem þar er óskar eftir.

Konan óskaði eftir því í vor að sumarhúsið Nýjakot yrði skilgreint sem íbúðarhús svo hún gæti átt þar lögheimili. Í bréfi til Kjósarhrepps segir lögmaður eiganda Þúfukots, Gunnar Ingi Jóhannsson, að konan í Nýjakoti hafi flutt lögheimili sitt úr Hafnarfirði í Þúfukot eigandans. Það sé óheimilt. „Þjóðskrá hefur verið send beiðni um að afmá skráninguna,“ segir lögmaðurinn.

Að sögn lögmannsins myndi breyting á landnotkun fyrir lóðina hafa mikil áhrif á notkun landsvæðis umhverfis hana. Stofnun frístundalóðarinnar á sínum tíma hafi verið ólögmæt því hún hafi farið gegn aðalskipulagi Kjósarhrepps. Húsið í Nýjakoti er frá árinu 2007. „Ef lóðin yrði gerð að íbúðarhúsalóð verður að gera ráð fyrir að slík ákvörðun hefði ákveðin ruðningsáhrif í för með sér og kröfur um að öðrum frístundalóðum yrði breytt í íbúðarhúsalóðir,“ segir í bréfinu.

Lögmaðurinn segir ekki fyrir hendi samning um öflun neysluvatns í landi Þúfukots fyrir sumarhúsið. „Öflun neysluvatns er því án leyfis eiganda og verður ekki framlengd að óbreyttu,“ segir lögmaðurinn og bætir við að reyndar verði vatnið aftengt á næstu vikum vegna framkvæmda á jörðinni.

„Hið sama gildir um tengingu við hitaveitu. Ekkert kemur fram í umsókn hvernig það verði gert eða hvaðan heitt vatn verði tekið. Hlýtur það að skipta verulegu máli ef fallist yrði á umsóknina,“ bendir lögmaðurinn á og tekur fram að slík tenging yrði ekki gerð nema með samþykki landeiganda.



**Hið umdeilda sumarhús er til vinstri. Eigandi Þúfukots (til hægri á mynd) fékk nýlega leyfi til að gera gistiskála í íbúðarhúsinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Mikið drasl og óþrifnaður er fyrir á lóðinni sem veldur fokthjónshættu og almennu lýti.**
>
> Gunnar Ingi Jóhannsson, lögmaður Dap ehf.



Þá bendir lögmaðurinn á að vegurinn að sumarhúsinu liggi um land Þúfukots án þessi að samningur sé um það. Verði skráð lögheimili í Nýjakoti þurfi að tryggja aðkomuveg samkvæmt vegalögum. „Það verður ekki gert án samþykkis landeiganda.“

Að lokum segir lögmaðurinn eiganda Þúfukots ekki geta fallist á að Nýjakot verði íbúðarhús vegna þess að umgengni lóðarhafans þar sé með eindæmum slæm. „Mikið drasl og óþrifnaður er fyrir á lóðinni sem veldur foktjónshættu og almennu lýti,“ lýsir lögmaðurinn og boðar tilkynningar til bæði heilbrigðisfulltrúa og byggingarfulltrúa vegna þessa.

Hreppsnefnd Kjósarhrepps fól á síðasta fundi sínum skipulags- og byggingarfulltrúa hreppsins að kynna konunni sem sækir um breytinguna innihald bréfs lögmanns eiganda Þúfukots. Hvorki náðist í byggingafulltrúan né sveitarstjórann í Kjósahreppi og konan kaus að tjá sig ekki um málið.

gar@frettabladid.is




Eftir áralanga fjarveru kynnum við nýjan Camry Hybrid til sögunnar, veglega nýja útgáfu sem fer á undan með góðu fordæmi. Hann fæst einungis í Hybrid-útgáfu sem sameinar fullkomlega gæði, glæsileika og virðingu fyrir umhverfinu. Komdu og finndu þig í glæsilegum bíl sem fer þér betur. Sýndu fordæmi – veldu Hybrid. Orkuskiptin eru hafin.

**2 ára þjónustupakki fylgir með nýjum Camry, viðskiptavinum að kostnaðarlausu.**

**Allir nýir Toyota Hybrid bílar eru núna sporlausir í samstarfi við Kolvið.**

**Nú er 7 ára ábyrgð á öllum nýjum Toyota bifreiðum.**

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

3+4 ÁBYRGÐ
2 ÁRA ÞJÓNUSTA
SPORLAUS

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14

HYBRID

*Samkvæmt opinberum mælingum DRIVECO, CARe og ENEA á akstурstíma Hybrid bíla í blönduðum akstri, án aðkomu bensínvélar. Sjá nánar á www.toyota.is.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

## Svifbretti stal senunni á Þjóðhátíðardegi Frakka

**FRAKKLAND** Þjóðhátíðardagur Frakka var haldinn hátíðlegur í dag með árlegri hersýningu á Champs-Élyssées. Atriði Frank Zapata á nýrri uppfinningu sinni, svifbrettinu, stal senunni.

Bastilludagurinn, þjóðhátíðardagur Frakka, var haldinn hátíðlegur í gær og var öllu tjaldað til á hersýningu á Champs-Élyssées.

Það nýjasta í varnarmálum Evrópu var sýnt þegar yfir 4.000 hermenn, 69 flugvélar og 39 þyrlur voru samankomin á breiðgötunni. Emmanuel Macron Frakklandsforseti var viðstaddur sýninguna ásamt Angelu Merkel, kanslara Þýskalands.

**Brettið kemst á 190 kílómetra hraða og getur flogið í 10 mínútur í senn.**

Senunni stal Frank Zapata, fyrrverandi hermaður og afreksmaður á sæþotu sem sýndi nýjustu uppfinningu sína „Flyboard“ er hann flaug á svifbretti yfir hausamótunum á fólki með riffil í hönd.

Brettið sem var upphaflega hannað til að svífa yfir vatni kemst á allt að 190 km hraða á klukkustund. og getur flogið í 10 mínútur í senn.

Eftir að hersýningunni lauk og opnað var fyrir umferð aftur á breiðgötunni brutust úr mótmæli þegar um 200 manns í gulum vestum reyndu að loka götunni. Óeirðalögregla beitti táragasi til að leysa upp mótmælin þegar til átaka kom. Kveiktu mótmælendur, sem kenna sig við gulu vestin, elda í tunnum og á almenningsklósettum en frönsk yfirvöld höfðu bannað öll mótmæli á þjóðhátíðardaginn.

valgerdur@frettabladid.is



Svifið um á svifbretti með riffil í hendi. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP.



Slysið varð í námunda við borgina Umeå. NORDICPHOTOS/GETTY.

## Níu létust í flugslysinu í Norður-Svíþjóð

**SVÍÞJÓÐ** Níu létust þegar smáflugvél hrapaði til jarðar nærri borginni Umeå í Svíþjóð á þriðja tímanum í gær.

Conny Qvarfordt, sem tók þátt í björgunaraðgerðum, segir í samtali við sænska ríkissjónvarpið, SVT, líklegt að farþegarnir hafi verið fallhlífarstökkvarar. Sjónarvottur segir að hann hafi séð farþega vélarinnar stökkva úr henni skömmu fyrir brotlendinguna. Enginn í vélinni komst lífs af.

**8 af 9**

**þeirra sem létust voru fallhlífarstökkvarar.**

Að sögn sjónarvotta hrapaði vélin til jarðar á eyjunni Storsandskär, rétt hjá flugvellinum í Umeå. Borgin er sú stærsta í norðurhluta Svíþjóðar, með um 85 þúsund íbúa.

Stefan Löfven, forsætisráðherra landsins, segir að hugur hans sé hjá fjölskyldum og vinum hinna látnu. Nauðsynlegt sé að rannsaka hvað hafi farið úrskeiðis. – dfb

# Segir búskap á ríkisjörðum staðna vegna óvissu um sölu

**Haraldur Benediktsson, þingmaður, segir búskap á ríkisjörðum víða í stöðnun vegna óvissu um framtíðina. Hann vill sjá skipulagt átak í sölu bújarða ríkisins, sem eru um 300 talsins.**

**LANDBÚNAÐUR** „Það er engin ástæða til að halda þessum jörðum,“ segir Haraldur Benediktsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og fyrrverandi formaður Bændasamtakanna. „Ekki frekar en að ríkið ætti íbúðir í stórum stíl eða atvinnuhúsnæði.“

Jarðir í eigu ríkisins eru um 450 talsins. Um 150 af þeim eru jarðir í umsjón ýmissa ríkisstofnana, svo sem Skógræktar ríkisins og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. Um 300 eru venjulegar bújarðir dreifðar víðs vegar um landið sem gerir ríkið að stærsta einstaka eiganda bújarða. Flestar þeirra eru í ábúð og leigðar út en sumar eru í eyðijarðir.

Haraldur hefur kallað eftir skipulögðu átaki í sölu þessara jarða. Hann segir að núverandi ástand skapi óvissu fyrir leigjendur og að enginn ágóði sé fyrir ríkið að eiga þær flestar. Aðeins ætti að halda eftir jörðum sem hafi sérstaka stöðu vegna náttúrufars eða sögu. Nú þegar sé til nokkuð góð flokkun á þeim.

Bróðurparturinn af þessum jörðum eru úr hinum gamla jarðasjóði sem hafði það hlutverk að kaupa upp jarðir búa sem lentu í erfiðleikum. Í mikilli landbúnaðarkreppu á níunda áratug síðustu aldar og fram á þann tíunda, keypti sjóðurinn upp fjölda jarða. Var sjóðurinn oft fjárvana og þurfti þá sífellt að leggja honum til fé úr ríkissjóði.

**Bújarðir í eigu ríkisins**



**Því miður hafa þær jarðir verið lagðar í eyði því að ábúðakerfið hefur ekki verið að virka í mörg ár.“**



Haraldur Benediktsson þingmaður Sjálfstæðisflokksins

Samkvæmt Haraldi hefur verið í nokkurn tíma eftirspurn hjá núverandi leigutökum, sem margir hverjir eru með langtímaleigu, að kaupa leigujörðina. Fyrsta skrefið ætti að vera að leita samninga við þá um kaup.

„Þá myndu þeir fá einhverja framtíðarsýn um það hvernig hægt sé að framkvæma á jörðunum,“ segir Haraldur. „Búskapur er í stöðnun á þó nokkrum búum vegna þess að það fást ekki svör frá ríkinu. Fólk þarf að reisa fjós og endurnýja ýmislegt.“ Samkvæmt ábúðarlögum ber jarðareiganda að kaupa öll samþykkt mannvirki við sölu.

Annar flokkurinn sem Haraldur nefnir eru þær jarðir sem eru í nytjum frá öðrum búum. Samkvæmt honum ætti sá flokkur að vera sá næsti sem ríkið ætti að leggja áherslu á að selja. Þriðji flokkurinn séu jarðir sem hafa farið úr ábúð.

„Því miður hafa þær jarðir verið lagðar í eyði því að ábúðakerfið hefur ekki verið að virka í mörg ár.“

Jarðirnar eru af öllum stærðum og gerðum. Nákvæmar tölur um heildarverðmæti liggja ekki fyrir en Haraldur áætlar að meðalverð sé um 20 milljónir og heildarverðmætið þá um 6 milljarðar króna.

„Ég hef ekki talað fyrir því að ríkið selji jarðirnar á gjafverði,“ segir Haraldur. „Það má samt ekki halda að þetta séu óskaplega verðmætar eignir. Ef ríkið er á einhvern hátt hrætt við að afhenda eignirnar væri hægt að setja ákvæði í sölusamninga. Ef eignirnar yrðu seldar aftur, segjum innan 10 ára, þá myndi ríkið fá uppfærslu á verðmætum sínum.“

Þó að Haraldur vilji skipulagt átak þá segir hann að það megi ekki gerast of hratt. Offramboð myndi raska markaðinum.

Annað sem verður að hugsa til eru þær auðlindir eða hlunnindi sem gætu verið á jörðunum. Svo sem ferskvatn, jarðefni, veiðiréttindi og jarðhiti. Haraldur segir þessar auðlindir ekki standa í vegi fyrir sölu.

„Ríkið hefur verið að selja jarðir og þá hefur í einhverjum tilfellum verið haldið eftir ákveðnum hlunnindum eins og malartekju.“

kristinnhaukur@frettabladid.is





ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18
LOKAÐ LAUGARDAGA FRÁ 8. JÚNÍ TIL OG MEÐ 3. ÁGÚST

Jeep
THERE'S ONLY ONE

# Sturtuveisla!




**Verðdæmi 70cm.** 29.990




**Verðdæmi 70x70 cm.** 36.900




**Verðdæmi 80x80 cm.** 40.300




Laus svunta

**Sturtuklefar úr hertu öryggisgleri, rennihurðir með 16 hjólum. Heill hornlisti, sturtustangasett og vatnslás fylgja.**
**Rúnnaðir: stærðir 80 x 80 og 90 x 90 cm.**
**Kantaðir: stærðir 70 x 70, 80 x 80 og 90 x 90 cm.**




**Verðdæmi 80x80 cm.** 45.650




**Verðdæmi 80x80 cm.** 34.800




**Verðdæmi 70 cm.** 28.243

## Gæði, úrval & gott verð!

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga lokað
Ármúla 31 - Sími 588 7332

**i-t.is**

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- *fyrir þitt heimili*



**Mammútar dóu út fyrir þúsundum ára.** NORDICPHOTOS/GETTY.

## Óttast óhóflega verslun og umhverfisslys

**UMHVERFISMÁL** Hlýnun jarðar hefur haft ýmis vandamál í för með sér. Eitt af þeim óvæntari tengist mammútabeinum en bæði aðgerðarsinnar og sveitarstjórnarmenn í Rússlandi vara nú við því sem þeir kalla gullæði með þessi bein. Hefur þetta gerst eftir að sífrerinn í Síberíu byrjaði að þiðna.

„Það þarf að setja reglur um nýtingu þessara beina“ segir Vladimir Prokopyev, sveitarstjórnarmaður í Jakútíu. Hann hefur áhyggjur af því að stór fyrirtæki komi og taki beinin. Hingað til hafa heimamenn haft viðurværi af því að safna þessum beinum og selja þau.

Í Kína er góður markaður fyrir bein mammúta, sem hafa verið útdauðir í þúsundir ára. Fílabeinið eru nýtt í skartgripi, hnífa, heillagripi og fleira. Þessi viðskipti velta 6 til 7 milljörðum á hverju ári.

Einfalt er að grafa upp beinin en nú er farið að nota vatnspumpur sem geta haft slæm áhrif á umhverfið. Umhverfissinnar hafa miklar áhyggjur af því að ásóknin í beinin geti haft skelfileg áhrif á umhverfið. **– khg**

# Virkir fíklar vekja ótta við áfangaheimilið Draumasetur

**Stofnandi Draumasetursins er ósáttur við að búsetuúrræði fyrir heimilislausa risi við hliðina á áfangaheimilinu. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar segir að tekið verði tillit til staðsetningar við úthlutun.**



**Ólafur Haukur og Elín Arna settu Draumasetið á laggirnar árið 2013.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**REYKJAVÍK** „Ég er ekki viss um að þetta sé besta staðsetningin. Reyndar gæti þetta verið sú versta af öllum,“ segir Ólafur Haukur Ólafsson, stofnandi Draumasetursins. Draumasetrið er áfangaheimili sem ætlað er fyrrverandi fíklum sem eiga engan annan samastað. Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkurborgar samþykkti í síðustu viku deiliskipulag smáhýsa fyrir heimilislaust fólk með fjölþættan vanda, og munu smáhýsin rísa á Höfðabakka og á stað þar sem nú eru bílastæði fyrir utan Draumasetrið.

Ólafur Haukur óttast að í smáhýsin flytji einstaklingar í virkri neyslu sem ættu ekki að umgangast þá sem eru í bata. „Ég veit alveg hvernig þetta er þegar einstaklingur í neyslu kemur inn til okkar, það titrar allt og skelfur. Þetta er ótrúlega erfitt fyrir fólk sem er að stíga fyrstu skref í edrúmennsku,“ segir Ólafur Haukur. „Fyrir utan að það er eitthvað að samfélagi sem ætlast til að fólk búi í gámum á bílastæði.“

Ragna Sigurðardóttir, fulltrúi Samfylkingarinnar í skipulags- og samgönguráði, segir að ekki sé gefið að í smáhýsunum við Héðinsgötu verði einstaklingar í virkri neyslu, enda sé um fjölbreyttan hóp að ræða sem glímir við húsnæðisleysi af ýmsum ástæðum. „Þeim einstaklingum sem þurfa þjónustu verður fundið viðeigandi úrræði sem byggir á faglegu mati í hverju tilviki fyrir sig. En sú hugmyndafræði er ríkjandi almennt hjá Reykjavíkurborg að það sé til húsnæði fyrir fólk í virkri neyslu, í anda „Housing First“ stefnunnar“, segir Ragna.

Mikilvægt sé að umræða um úrræði einkennist ekki af fordómum gagnvart þessum hópi. „Það á enginn að vera á götunni og það skiptir máli að þessir einstaklingar hafi öruggt skjól.“

> **Það á enginn að vera á götunni og það skiptir máli að þessir einstaklingar hafi öruggt skjól.**
>
> Ragna Sigurðardóttir, varaborgarfulltrúi Samfylkingarinnar.



Ragna bendir á að það séu dæmi þess að áfangaheimili séu rekin við hlið búsetuúrræða. „Það getur verið jákvætt fyrir þá sem eru að sækja þjónustu áfangaheimilisins að hafa húsnæði sem er nálægt því.“

Ólafur Haukur setti Draumasetrið á laggirnar ásamt eiginkonu sinni, Elínu Örnu Arnardóttur, vegna húsnæðisvanda fíkla í bata. Hann segir önnur dæmi ekki sambærileg. „Það er stór munur á þessu. Þar er fólk sem vinnur við að passa að það sé enginn samgangur á milli á nóttunni, hér eru engir næturverðir. Það verður að finna einhverja betri lausn.“ Telur hann einnig að það megi draga í efa árangur þeirra úrræða sem eru of nálægt

Berglind Magnúsdóttir, skrifstofustjóri húsnæðismála velferðarsviðs, segir að gert sé ráð fyrir 25 smáhýsum víðs vegar um borgina. Nú séu komnar lóðir við Höfðabakka og Héðinsgötu og verið sé að skoða fleiri lóðir á öðrum stöðum. Tekið verði fullt tillit til umhverfisins þegar húsnæði er úthlutað. Leyfi er fyrir fimm smáhýsum á Héðinsgötu, Berglind gerir ráð fyrir þremur til fjórum smáhýsum.

Ragna segir að starfsfólk velferðarsviðs verði með sérhæft eftirlit í kringum smáhýsi, svokallað VOR-teymi mun líta inn og bjóða þjónustu þar sem við á. „Það getur skipt sköpum ef fólk vill ná bata að hafa eigið heimili.“ **arib@frettabladid.is**




## Reglulega krotað og skotið á Douglas Dakota

**FERÐAMENNSKA** Á vef pólsku sjónvarpsstöðvarinnar WP var nýlega fjallað um skemmdir á Douglas Dakota en pólsk nöfn hafa verið krotuð á vélina. WP lýsti því sem skammarlegri og sorglegri eyðileggingu af hálfu samlanda sinna þar sem flakið væri eitt af vinsælustu ferðamannastöðum Íslands.

Benedikt Bragason landeigandi var aftur á móti rólegri yfir krotinu þegar Fréttablaðið hafði samband við hann.

„Það er er búið að krota á þessa vél og skjóta á hana í tugi ára“ segir Benedikt. „Þetta er aðeins flak og ég held að það sé öllum sársaukalaust þó það sé eitthvað verið að eiga við þetta.“



**Flak Douglas Dakota á Sólheimasandi.** MYND: NORDICPHOTOS/GETTY.

Douglas Dakota vélin var vöruflutningavél í eigu bandaríska flughersins, notuð til að flytja vistir milli herstöðva í Keflavík og Hornafirði. Vélin varð bensínlaus og þurfti að nauðlenda á sandinum snemma á áttunda áratugnum. Herinn sjálfur tíndi síðan allt nýtilegt úr henni, svo sem hreyfla og vængi.

Flakið öðlaðist töluverða frægð árið 2000 þegar pönkhljómsveitin Botnleðja nefndi plötu eftir henni. Aftur kom hún fyrir í heimildarmynd hljómsveitarinnar Sigur Rósar og varð heimsfræg eftir að hún sást í tónlistarmyndbandi Justin Bieber frá 2015. Staðurinn hefur gripið athygli ferðamanna sem sækja þangað í síauknum mæli. En deilt hefur verið um vegagerð á svæðinu og í vetur voru málaferli vegna aðkomu ferðaþjónustufyrirtækis að staðnum.

Aðspurður hvort landeigendur fái greitt úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til viðhalds og uppbyggingar í tengslum við flakið segir Benedikt svo ekki vera.

„Nei, nei. Við viljum það ekkert“

Gerið þið eitthvað til að viðhalda vélinni?

„Ekki til að viðhalda vélinni sjálfri. Við höldum slóðanum þarna niður eftir við og sjáum um að halda hreinu. Það er mikið af úrgangi sem fellur til þarna,“ segir Benedikt.
**kristinnhaukur@frettabladid.is**


Áfram stelpur!
Takk fyrir frábært Símamót.
Sjáumst á næsta ári!

FRÉTTABLAÐIÐ SKOÐUN

# Ríkisjarðir



Davíð Stefánsson
david@frettabladid.is

Haraldur Benediktsson, fyrsti þingmaður Norðvesturkjördæmis, vakti nýlega máls á mikilvægu atriði skynsamlegrar byggðafestu þegar hann hvatti til stórátaks í sölu ríkisjarða.

Haraldur, sem er bóndi undir Akrafjalli og fyrrverandi formaður Bændasamtakanna, er einn af landsbyggðarþingmönnum Sjálfstæðisflokksins og í fjárlaganefnd Alþingis.

Hann hvetur til umræðu um eignarhald á venjulegum bújörðum og bendir á að íslenska ríkið sé stærsti einstaki eigandi þeirra. „Það færi vel á því að hefja nú átak í sölu ríkisjarða undir merkjum nýrrar stefnu í eignarhaldi á bújörðum. Stefnu sem styrkir byggð og búsetu, því blómlegar byggðir eru helsta aðdráttarafl landsins,“ segir hann.

Jarðir í eigu ríkisins eru um 450 talsins. Þar af eru um 300 bújarðir, flestar í ábúð en einhverjar eru eyðijarðir.

Þetta víðtæka eignarhald ríkisins á bújörðum á sér margar ólíkar skýringar. Brugðist var við miklum erfiðleikum í landbúnaði með því að ríkisvaldið yfirtók jarðir.

En af hverju að hefja stórátak í sölu ríkisjarða? Flestir hljóta að vera sammála um að ríkið eigi ekki að vera stærsti eigandi bújarða á Íslandi. Það eru engin skynsamleg rök fyrir að svo eigi að vera. Ekki frekar en að ríkið eigi verslunarhúsnæði í stórum stíl til útleigu. Aukinheldur ætti að takmarka sem mest atvinnurekstur ríkisvaldsins, hvort sem það er búrekstur eða útleiga jarða til landbúnaðar. Þetta er einfaldlega ekki hlutverk ríkisins. Nóg er nú samt.

Verði af slíku átaki í sölu ríkisjarða þarf að tryggja að ekki verði gengið á núverandi ábúendur eða leigutaka og til þeirra verði leitað fyrst varðandi sölu. Til að flækja þetta hafa nálæg bú á stundum nytjar af ríkisjörðum. Að sama skapi þarf að tryggja að markaður með jarðir raskist ekki um of. Hagsmunir margra fjölskyldna er undir. Menn skyldu ætla sér tíma til sölu þessara jarða.

Það kunna síðan að vera eðlileg rök fyrir því að ríkisvaldið eigi áfram jarðir sem það hefur mikla hagsmuni af. En það á ekki við um bróðurpart ríkisjarða.

Það er ólíklegt að í mörgum þessara jarða felist einhver gríðarleg verðmæti. En hugsanlega er hægt að sammælast um slíkt átak gangi söluandvirðið til varnar hinum dreifðu byggðum. Það er staðreynd að samfélög í hinum dreifðu byggðum eiga sum hver mjög undir högg að sækja þar sem fækkun íbúa leiðir til þess að erfiðara verður að halda uppi grunnþjónustu. Landbúnaður heldur byggðarlögum í ábúð. Það viljum við flest.

Umræða um sölu ríkisjarða er ekki ný af nálinni. En þessum tillögum Haraldar Benediktssonar ber að fagna. Þetta eru orð í tíma töluð. Hann hefur sagt að nú sé meiri pólitískur stuðningur en áður við að búa til lagaumgjörð með þeim hætti að eignarhald jarða til byggðafestu. Þar verður hlutur ríkisins að minnka.

- Nú er að hefjast handa Haraldur.

> **Flestir hljóta að vera sammála um að ríkið eigi ekki að vera stærsti eigandi bújarða á Íslandi. Það eru engin skynsamleg rök fyrir að svo eigi að vera.**

## Halldór







## Frá degi til dags

**Tilgangslaust meðal**

Innanmein Sjálfstæðisflokksins halda áfram að grassera og ýmsum göróttum meðulum er beitt. Reykjavíkurbréf Morgunblaðsins um helgina bendir til þess að öllu eiturbrasi megi finna tilgang. Jafnvel að taka afstöðu með morðóðum rugludöllum á borð við Duterte, forseta Filippseyja, til þess að koma hælkróki á andstæðingana. Stíltilþrif bréfsins eru kunnugleg þar sem Davíð Oddsson sakar Guðlaug Þór Þórðarson utanríkisráðherra um að hafa með brölti Íslendinga í Mannréttindaráði SÞ afvopnað lögregluna á Filippseyjum sem hefur fengið að „abbast“ upp á vélbyssuvædda dópsala með því, að vísu, að drepa þá.

**Stórir strákar**

Herskár boðskapur Davíðs fellur að vonum í misfrjóan jarðveg á samfélagsmiðlum og hrollur fer um suma. „Það skiptir vissulega orðið litlu hvað þessum manni finnst. En ósköp ætlar elli hans að verða dapurleg“ skrifar Illugi Jökulsson og skilar hluta af skömm ritstjórans, sem „ber þannig í bætifláka fyrir hreinræktaða morðingja eins og Duterte Filippseyjaforseta,“ til eigenda og starfsfólks blaðsins. Þá bendir Halldór Auðar Svansson á að væri Davíð forseti Íslands værum við komin í „þétt alþjóðlegt tengslanet sterkra kalla“ eins og Pútín, Trump, Kim Jong-un og Duterte.

toti@frettabladid.is

# Orkuspá missir marks



Sigurður Hannesson,
framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

Daglegt líf okkar er háð notkun raforku og því mikilvægt að sú grunnstoð sem raforkukerfið er standi traustum fótum og sé áreiðanlegt. Byggja þarf ákvarðanir á sem bestum upplýsingum hverju sinni og á skýrri framtíðarsýn. Slíkar ákvarðanir eru ekki einkamál opinberra aðila eða stjórnvalda heldur þarf samtal við notendur svo unnt sé að leggja mat á raforkuþörf til lengri tíma. Þannig má draga úr líkum á raforkuskorti, raforkuskerðingum eða öðru skaðlegu inngripi í dagleg störf heimila og fyrirtækja í landinu. Á þessu er misbrestur enda byggja ákvarðanir ekki á bestu upplýsingum þar sem ekki er rætt við notendur um þeirra áform.

Eftirspurn eftir raforku fer vaxandi með aukinni fólksfjölgun, orkuskiptum og auknum umsvifum í atvinnulífinu. Undanfarna daga hefur forstjóri Landsnets vakið athygli á yfirvofandi hættu á orkuskorti með tilheyrandi skerðingum. Önnur orkufyrirtæki hafa tekið undir þetta. Vinna við raforkuspá er í höndum Orkustofnunar sem gefur út nýja orkuspá árlega. Ekki er rætt við notendur um þeirra áform og því hefur spáin misst marks undanfarin ár.

Óhætt er að taka undir gagnrýni forstjóra Landsnets á umrædda starfshætti og slagsíðu varðandi orkuspána. Slíkt tómlæti – að ræða ekki við notendur – getur ekki annað en orsakað ósamræmi á milli opinberrar raforkuspár og raunverulegrar raforkuþarfar notenda. Því þarf að breyta. Það blasir við að slík raforkuspá missi marks og ákvarðanir byggðar á orkuspánni leiði til orkuskorts. Slíkar skerðingar munu óhjákvæmilega þýða rask á daglegu lífi landsmanna og minni sköpun verðmæta, sem bitnar á lífsgæðum landsmanna til lengri tíma litið.

Stefnur stjórnvalda og áherslur sem tengjast orkunotkun þurfa að tala saman og taka um leið tillit til stigvaxandi orkuþarfar jafnt atvinnulífs sem heimila í landinu. Eins þarf að tryggja, eins og forstjóri Landsnets bendir á, að ábyrgð á nægjanlegu afli sé skýr og hafi skilvirkni raforkukerfisins að leiðarljósi. Úrbóta er sannarlega þörf.

> **Slíkar skerðingar munu óhjákvæmilega þýða rask á daglegu lífi landsmanna og minni sköpun verðmæta, sem bitnar á lífsgæðum landsmanna til lengri tíma litið.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Davíð Stefánsson david@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Óskiljanlegt að Akureyringar séu innan við 50 þúsund



**Hjörleifur Hallgrímsson,** fæddur og uppalinn Akureyringur.

Ágætt viðtal við frú Ásthildi Sturludóttur, nýjan bæjarstjóra á Akureyri, birtist í Mbl.is fyrir skömmu. Frú Ásthildur tekur m.a. fram að á fyrstu þremur mánuðum þessa árs hafi landsmönnum fjölgað um 0,7% en aðeins um 0,2% á Akureyri og er raunar hissa á að eftir 9 mánaða búsetu hér að Akureyringar séu ekki orðnir 50 þúsund. Já, glöggt er gests augað.

Skipulag segir hún er gott hjá bænum og embættismannakerfið sterkt, en ég undirritaður vil bæta við að alltaf er misjafn sauður í mörgu fé. En Akureyri er yndislega fallegur bær og veðursæld mikil og að auki nokkuð gott mannlíf. En hvað er þá að, að þessi fallegi bær geti ekki blómstrað og bætt við sig íbúum? Réttilega finnst bæjarstjóranum nýja einkennilegt að ekki skuli vera hér fleiri íbúar og eru það orð að sönnu, en lítum okkur nær. Hér á undanförnum árum hefur verið um að ræða misviturt fólk í bæjarstjórn, sem hefur jafnvel verið staðið að því að þvarga um allt og ekki neitt og lítill afrakstur orðið af nytsamlegum aðgerðum.

Hér hafa verið allt of margir kóngar misvitrir en ekki með neina kórónu á höfði og fá trúlega aldrei. Ég hef áður komið inn á og tekið dæmi um að einstaklingar hafa verið hraktir úr bænum fyrir tóma vitleysu og er skemmst að minnast hjóna, sem voru búin að búa í húsi sínu í um 30 ár og voru hrakin til Hafnarfjarðar.

Annað dæmi er um mann, sem var sóttur á sinn vinnustað, hrakinn úr starfi og fékk ekki vinnu eftir það og allt fyrir að túlka orð Biblíunnar í opinberum fjölmiðli. Þá er til dæmi um að íbúum hafi verið gróflega mismunað í sambandi við væntanlega byggingu á lóð sinni og allt að því lagðir í einelti. Grenndarkynning fór fram og innan við helmingur í nágrenninu var á móti byggingu á lóðinni og bar við bílastæðaleysi. Á annarri lóð var engin grenndarkynning enda ekki næg bílastæði og á þeirri þriðju ekkert gert í að 80% nærliggjandi íbúa mótmæltu fyrirhugaðri byggingu.

Og fleira kemur til gagnvart búsetu í bænum, sem ekki er fýsilegt fyrir aðkomufólk. Skólamál og þar með talin leikskólamál hafa verið í slíkum ólestri að skólastjóri einn hefur kvartað sáran og fólk hefur ekki fengið pláss fyrir börn sín og annað hvort farið í nærliggjandi sveitarfélög eða bara alls ekki flutt í bæinn.

Mikið hefur verið rætt og ritað um nauðsynlega stækkun á flugstöðinni hér ekki síst eftir að erlend ferðaskrifstofa kom á flugferðum hingað með ferðamenn helst tvisvar í viku. Athafnamaður hér í bæ hefur boðist til að reisa viðbygginguna og lána ríkinu, en lítið hefur frést af málinu nú um stundir. Hvað neyðarlegast er, er að NA-kjördæmi er með 10 þingmenn og þar af einn ráðherra, en hann er upptekinn við að skipuleggja innflutning á hráu kjöti þótt læknar og aðrir þeir, sem vit hafa á séu alfarið á móti því sökum alvarlegrar sýkingarhættu. Já, frú bæjarstjóri, Ásthildur Sturludóttir, það þarf víða að taka til hendinni svo að draumur þinn um 50 þúsund íbúa rætist.

**En hvað er þá að, að þessi fallegi bær geti ekki blómstrað og bætt við sig íbúum?**

# Lof mér að keyra



**Jóhannes Stefánsson,** lögmaður

Lög um leigubíla eru að fara að breytast. Ástæðan er sú að eftirlitsstofnun EFTA, sem fylgist með því að aðildarþjóðir fylgi ákvæðum EES-samningsins, gerði athugasemdir við aðgangshindranir inn á leigubílamarkað á Íslandi. Áður hafði eftirlitsstofnunin gefið út rökstutt álit um leigubílalöggjöf í Noregi og komist að þeirri niðurstöðu að lögin brytu gegn EES-samningnum. Norsku lögin eru svipuð þeim íslensku.

### Barist gegn breytingum

Í núgildandi löggjöf er að finna ákvæði um hámarksfjölda þeirra sem hafa leyfi til að keyra leigubíl á Íslandi. Engin önnur atvinnugrein býr við slíkar aðgangshindranir, þótt þær megi finna í öðru formi víðar. Í nýju frumvarpi, sem byggir á tillögum starfshóps, er gert ráð fyrir að þessi múr verði felldur. Það er vel. Sömuleiðis er að finna aðrar jákvæðar breytingar í frumvarpinu.

Þar eru hins vegar einnig sjáanleg fingraför leyfishafa, sem hafa barist gegn breytingum í frjálsræðisátt. Þannig eru í frumvarpinu aðgangshindranir sem tryggja að farveitur á borð við Uber, Lyft og sambærilegar, geti ekki boðið upp á þjónustu sína hér á landi.

### Fjötrar fyrir fjarveitur

Ein þessara aðgangshindrana er skylda um að í öllum leigubifreiðum skuli vera löggiltir gjaldmælar. Gjaldmælar eru tæki sem eru tengdir vél og hjólabúnaði bílsins og mæla ekna vegalengd og tíma. Mælirinn reiknar gjaldið jafnóðum þar sem hann er tengdur verðskrá. Þótt gjaldmælar þjóni sínum tilgangi eru þeir tæplega 130 ára gömul uppfinning, frá tíma þegar staðsetningarbúnaður í símum og tölvum voru vísindaskáldskapur.

Aftur á móti er gerð undantekning á þessari skyldu, enda sé þá samið um heildargjald ferðarinnar fyrir fram. Þeir sem þekkja til þjónustu farveitna vita að við pöntun á fari er gefið upp áætlað heildarverð sem er breytilegt eftir stöðu framboðs og eftirspurnar (e. surge pricing) áætlaði vegalengd og tíma, sem aftur byggir á upplýsingum um umferð. Vegalengd og tími ferðarinnar eru ekki mæld með gjaldmæli, heldur staðsetningarbúnaði. Þrátt fyrir að áætlað heildarverð sé yfirleitt mjög nærri lagi, liggur eiginlegt heildarverð ekki fyrir fyrr en við lok ferðar. Ekki frekar en í hefðbundnum leigubíl nema á sérvöldum ferðum, eins og til og frá Keflavíkurflugvelli.

### Frjálsmundar sameinist

Fleiri sambærilegar aðgangshindranir eru fyrirhugaðar í nýjum lögum. Verði frumvarpinu ekki breytt í meðförum þingsins er vandséð hvernig farveitur geti tekið þátt á íslenskum leigubílamarkaði. Ef ætlunin er virkilega að gera breytingar í þágu samfélagsins í heild, er brýnt að þessu ákvæði verði breytt. Reynum nú að láta sérhagsmuni ekki verða ofan á, fyrst við höfum tækifæri til þess.



# Náttúrufegurðin er alveg einstök

**Laugavegshlaupið fór fram í 23. skipti í góðu veðri um nýliðna helgi. Keppendur komu í mark í Þórsmörk þar sem var milt veður þegar þeir kláruðu hlaupið. Sigurvegarar hlaupsins þetta árið voru þau Þorbergur Ingi Jónsson og Anna Berglind Pálmadóttir.**

**HLAUP** Þorbergur Ingi sigraði í karlaflokki á 4:32:15 sem er 11. besti tími karla í hlaupinu frá upphafi. Þetta er í 5. sinn sem Þorbergur klárar Laugavegshlaupið en hann hljóp Laugaveginn reyndar tvisvar sinnum í gær. Hann lagði af stað í nótt úr Þórsmörk í Landmannalaugar og fór svo af stað með öðrum hlaupurum morguninn eftir.

Í öðru sæti var Örvar Steingrímsson á 4:44:39 sem er um tveggja mínútna bæting á hans besta tíma frá árinu 2014. Birgir Már Vigfússon var í 3. sæti á 4:55:55 og bætti tímann sinn frá 2016 um 25 mínútur.

Anna Berglind sigraði í kvennaflokki en hún hljóp á 5:24:00 sem er sjötti besti tími kvenna í hlaupinu frá upphafi og 3. besti tími íslenskra kvenna. Besti tími Önnu Berglindar fyrir hlaupið í dag var 5:26:28 frá því í fyrra og hún því að bæta tímann sinn um tvær og hálfa mínútu.

Í öðru sæti var Elísabet Margeirsdóttir á 5:56:16 en hún var að klára sitt tíunda Laugavegshlaup í dag og hljóp Laugaveginn einnig tvisvar eins og Þorbergur. Í þriðja sæti var Silke Ursula Eiserbeck frá Þýskalandi á 5:59:37.



**Anna Berglind Pálmadóttir kemur hér fyst í mark í Laugavegshlaupinu sem hlaupið var í blíðskaparveðri á laugardaginn.** MYND FRIÐLEIFUR K. FRIÐLEIFSSON

### Aðstæður voru góðar að þessu sinni

Bæði Þorbergur Ingi og Anna Berglind voru með forystu í hlaupinu frá upphafi. Aðstæður voru góðar á hlaupaleiðinni í dag, skýjað en sól öðru hvoru og hægur vindur. Óvenjulega lítill snjór var uppi við Hrafntinnusker sem er hæsti punktur leiðarinnar.

„Það var alveg yndislegt að hlaupa að þessu sinni. Aðstæður voru mjög góðar, hlýtt og lítil sem engin úrkoma. Þá var skyggnið við Hrafntinnusker mun betra en í fyrra. Það var reyndar nokkur mótvindur á köflum. Þetta er í annað skipti sem ég hlaupi Laugavegshlaup og það er alveg ljóst að ég mun ekki láta mig vanta í framtíðinni. Það eru eiginlega allir hlauparar landsins saman komnir þarna og þetta er eiginlega eins og árshátíð,“ segir Anna Berglind í samtali við Fréttablaðið.

„Náttúrufegurðin í hlaupinu er alveg einstök og það eru algjer forréttindi að fá að hlaupa við þessar aðstæður. Sjálfboðaliðar sjá svo til þess að það sé allt eins og best verður á kosið. Það er líka gaman að þekkja jafn marga hlaupara í hlaupinu eins og raun ber vitni. Ég hefði viljað hlaupa á betri tíma en


**Aðstæður eru glæsilegar í Laugavegshlaupinu og náttúran stórbrotin.**

ég er enn að glíma við þreytu eftir heimsmeistaramótið sem ég hljóp fyrir fimm vikum síðan. Ég fór of geyst af stað eftir það hlaup en ég læri bara af því,“ segir hún enn fremur um hlaupið.

„Það er mikil gróska í utanvegahlaupum bæði hér heima og erlendis. Áhuginn á Laugavegshlaupinu hefur aukist á milli ára og í ár tók það einungis tvo daga að fylla hlaupið. Það er langtímamarkið hjá mér að taka þátt í UTMB-utanvegahlaupinu í Chamonix, þar sem hlaupið er á Mont Blanc. Það er eitt stærsta og sterkasta utanvegahlaup sem haldið er á hverju ári og þar er hlaupið í algerri náttúruparadís. Ég mun ekki ná því á þessu ári en ég stefni að því að gera það einhvern tímann á lífsleiðinni,“ segir þessi frábæri hlaupari um drauma sína í hlaupunum.

„Nú ætla ég hins vegar að hvíla mig vel eftir þetta hlaup og næst á dagskrá er Súluhlaup á Akureyri um verslunarmannahelgina. Eftir það ætla ég svo að reima á mig götuskóna og búa mig undir að hlaupa maraþon í haust. Reykjavíkurmaraþonið er of snemma fyrr mig þannig að ég ætla að hlaupa maraþon erlendis í staðinn. Mig langar að hlaupa einhvern tímann maraþon í Bandaríkjunum, Valencia á Spáni og fleiri stöðum. Ég býst aftur á móti við því að hlaupa í Frankfurt í Þýskalandi í haust,“ segir hún um framhaldið hjá sér.

hjorvaro@frettabladid.is

# ÍR-ingar í fyrsta sæti á Meistaramóti Íslands þriðja árið í röð

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** ÍR sigraði í gær liðakeppni Meistaramóts Íslands í frjálsum íþróttum. ÍR-ingar hafa nú farið með sigur af hólmi á mótinu þrjú ár í röð en FH varð í öðru sæti og Breiðablik hafnaði í þriðja sætinu.

Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir, ÍR, kom fyrst í mark í 200 metra hlaupi kvenna. Hún hljóp á 24,51 sekúndu. FH-ingurinn Kolbeinn Höður Gunnarsson varð hins vegar Íslandsmeistari í 200 metra hlaupi karla. Aníta Hinriksdóttir fór með sigur af hólmi í 800 metra hlaupi kvenna en hún hljóp á tímanum 2.08,17 mínútum.

Erna Sóley Gunnarsdóttir, ÍR, sigraði í kúluvarpi með 15,68 metra kast. Hjá körlunum sigraði Guðni Valur Guðnason, ÍR, með 17,09 metra kasti. Í 100 metra karla kom Ari Bragi Kárason fyrstur í mark á 10,76 sekúndum. Í kvennaflokki fékk Dóróthea Jóhannesdóttir, FH, gull en hún kom í mark á 11,98 sekúndum. Í 400 metra hlaupinu sigruðu tvíburarnir úr FH, Hinrik Snær Steinsson og Þórdís Eva Steinsdóttir. Hinrik kom í mark á 48,33 sekúndum sem er hans besti árangur. Þórdís Eva kom í mark á 56,82 sekúndum.

Sveitir FH sigruðu bæði í kvenna- og karlaflokki í 4×100 metra boðhlaupi. Kvennasveit FH skipuðu Andrea Torfadóttir, Þórdís Eva Steinsdóttir, Melkorka Rán Hafliðadóttir og Dóróthea Jóhannesdóttir. Tími þeirra var 47,66 sekúndur. Sveit FH í karlaflokki skipuðu



**Siguriið ÍR-inganna sem sigraði á Meistaramóti Íslands.** MYND/FRÍ

Kormákur Ari Hafliðason, Trausti Stefánsson, Kolbeinn Höður Gunnarsson og Ari Bragi Kárason. Tími þeirra var 41,55 sekúndur.

María Rún Gunnlaugsdóttir úr FH vann gull í spjótkasti með kasti upp á 40,97 metra og í 100 metra grindahlaupi en hún hljóp á 14,00 sekúndum. Kristján Viggó Sigfinnsson, Ármanni vann hástökkið með því að stökkva yfir 1,99 metra. Í 110 metra grindahlaupi karla kom Ísak Óli Traustason, UMSS fyrstur í mark á 15,14 sekúndum. Í 1500 metra hlaupinu sigruðu Sæmundur Ólafsson, ÍR, á 4:04,82 mínútum og Sólrún Soffía Arnardóttir, FH, á 4:53,39 mínútum. Hulda Þorsteinsdóttir, ÍR, sigraði í stangarstökki með því að fara yfir 3,70 metra. **– hó**

# Boðun til hluthafafundar í Arion banka hf.

Hluthafafundur í Arion banka hf., kt. 581008-0150, verður haldinn í höfuðstöðvum bankans að Borgartúni 19, 105 Reykjavík, þann 9. ágúst 2019, kl. 16.00. Fundurinn fer fram á íslensku, en boðið verður upp á túlkaþjónustu á ensku.

**Eftirtalin mál eru á dagskrá fundarins**

1. Breyting á stjórn bankans
   *Kosning tveggja nýrra stjórnarmanna sem starfi fram að næsta aðalfundi*
2. Breyting á tilnefningarnefnd
   *Kosning eins nýs nefndarmanns í tilnefningarnefnd sem starfi fram að næsta aðalfundi*
3. Önnur mál

**Framboðsupplýsingar**

***Kosning tveggja nýrra stjórnarmanna í stjórn bankans***

Þeir einstaklingar sem hyggjast gefa kost á sér í stjórnarkjöri skulu með skriflegum hætti tilkynna félagsstjórn um framboð fyrir kl. 16.00 þann 4. ágúst 2019 á netfangið hluthafar@arionbanki.is. Notast skal við framboðseyðublað sem er að finna á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is/gm.

Tilnefningarnefnd mun gera tillögu til hluthafa um framboð til stjórnar sem mun byggjast á tillögum hluthafa og framkomnum framboðum og verður hún birt á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is/gm, ásamt öðrum framboðum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fundinn. Frá sama tíma verður hún aðgengileg í höfuðstöðvum bankans.

***Kosning eins nefndarmanns í tilnefningarnefnd bankans***

Einstaklingar sem hyggjast gefa kost á sér í nefndarkjöri skulu tilkynna um framboð fyrir kl. 16.00 þann 4. ágúst 2019 á netfangið hluthafar@arionbanki.is. Notast skal við framboðseyðublað sem er að finna á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is/gm.

Upplýsingar um frambjóðendur í tilnefningarnefnd verða birtar á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is/gm, eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fundinn og verða þær aðgengilegar í höfuðstöðvum bankans frá þeim tíma.

**Almennar upplýsingar**

Fundurinn verður pappírslaus. Endanleg dagskrá, fundarboðun, tillögur og önnur fundargögn, þ.á m. framboðs- og umboðseyðublöð, verða að finna á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is/gm, og verða einnig aðgengileg í höfuðstöðvum bankans. Ensk þýðing fundargagna verður aðgengileg hluthöfum á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is/gm. Sé misræmi milli fundargagna á ensku annars vegar og íslensku hins vegar, gildir íslenska útgáfan.

Þeir hluthafar, sem óska eftir því að fá tiltekið mál tekið til meðferðar á fundinum, skulu senda skriflega eða rafræna beiðni um slíkt í síðasta lagi tíu sólarhringum fyrir boðaðan hluthafafund, eða í síðasta lagi fyrir kl. 16.00 þann 30. júlí 2019. Kröfu skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til félagsstjórnar. Heimilt er að senda slíka kröfu til félagsstjórnar á netfangið hluthafar@arionbanki.is.

Á hluthafafundinum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé en heildarhlutafé er kr. 1.814.000.000. Eigin bréf bankans njóta ekki atkvæðisréttar.

Þeim hluthöfum sem ekki hyggjast mæta á hluthafafundinn, er gefinn kostur á því að greiða atkvæði með rafrænum hætti. Nánari upplýsingar um framkvæmd rafrænnar atkvæðagreiðslu utan hluthafafundar er að finna á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is/gm. Sérstök athygli er vakin á því að u.þ.b. fimm virka daga getur tekið að fá sent lykilorð í pósti og hluthöfum því bent á að sækja um lykilorð tímanlega.

Hluthöfum er heimilt að láta umboðsmann sækja hluthafafund og fara þar með atkvæðisrétt fyrir sína hönd. Í slíkum tilvikum skal umboðsmaður leggja fram skriflegt eða rafrænt, dagsett umboð í upphafi fundar. Umboðið gildir einungis til fundarsetu á einum hluthafafundi nema annað sé skýrlega tekið fram í efni umboðsins, en getur þó aldrei gilt lengur en í eitt ár frá dagsetningu þess. Á vefsíðu bankans er að finna form af umboði. Til að greiða fyrir skráningu er unnt að senda umboð á netfangið hluthafar@arionbanki.is fyrir fundinn.

Hluthafar og/eða fulltrúar þeirra eru beðnir um að gefa sig fram við starfsmenn fundarins og skrá mætingu sína (óskað er eftir að aðilar hafi skilríki meðferðis). Skráning og afhending atkvæðaseðla hefst á fundarstað frá kl. 15.30 á fundardegi.

**Tilkynning til SDR heimildarskírteina**

Swedish Depository Receipts (SDR) heimildarskírteinishafar, sem hafa hug á því að mæta á fundinn eða greiða þar atkvæði samkvæmt umboði, skulu:

I. Vera skráðir í skrá Euroclear Sweden AB („Euroclear“) fyrir kl. 17.00 (CET) þann 2. ágúst 2019;
II. Tilkynna Skandinaviska Enskilda Banken AB („SEB“) í síðasta lagi kl. 12.00 (CET) þann 2. ágúst 2019 þar um, eða
III. Senda frumrit umboðs til SEB en það þarf að hafa borist SEB eigi síðar en kl. 12.00 (CET) þann 2. ágúst 2019.

Frekari upplýsingar um heimildir SDR heimildarskírteinishafa til að mæta á hluthafafundi og greiða þar atkvæði, eða eftir atvikum veita umboð til þess að greiða atkvæði á fundinum og rétt þeirra til arðgreiðslna er að finna á heimasíðu bankans, www.arionbanki.is/gm, og á vefsíðu Nasdaq Iceland og Nasdaq Stockholm.

**Tímabundin takmörkun á yfirfærslu SDR heimildarskírteina í hluti**

Frá og með lokun markaða 2. ágúst 2019 til og með 13. ágúst 2019 verður óheimilt að yfirfæra SDR heimildarskírteini í eða úr hluti í Arion banka hf.

Allar nánari upplýsingar um fundinn má finna á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is/gm.

*– Reykjavík 12. júlí 2019*
*Stjórn Arion banka hf.*

arionbanki.is    Reykjavík, 12. júlí 2019 — Stjórn **Arion banka hf.**

# Hamilton bætti met á heimavelli

**Lewis Hamilton ber höfuð og herðar yfir aðra keppendur í Formúlu 1 á yfirstandandi keppnistímabili. Hamilton vann kappaksturinn á Silverstone í sjötta skipti í gær og sló þar af leiðandi met samlanda síns Jims Clark.**



Breski ökuþórinn Lewis Hamilton fagnar hér sögulegum sigri sínum í Formúlu 1 kappakstrinum sem fram fór á Silverstone í gær. Nordicphotos/Getty

**FORMÚLA 1** Lewis Hamilton fór með sigur af hólmi í Formúlu 1 kappakstrinum sem fram fór í Silverstone á Englandi í dag. Þetta var sjötti sigur hans á brautinni og bætti hann þar af leiðandi met samlanda síns Jims Clark. Hamilton jafnaði enn fremur afrek Frakkans Alain Prost yfir flesta sigra á heimavelli.

Glæsileg 4ra herbergja íbúð á efstu hæð í lyftuhúsi ásamt stæði í lokaðri bílageymslu. Íbúðin er vel skipulögð, tvennar svalir og búin vönduðum innréttingum og gólfefnum. Íbúðin skiptist í forstofu, eldhús, rúmgóða stofu og borðstofu með útgengi á stórar vestur svalir, flísalagt baðherbergi með sturtu og baðkari, 3 svefnherbergi útgengi á suður svalir úr hjónaherbergi. Eign í sérflokki. **Upplýsingar veitir Þóra fasteignasali í gsm: 822 2225**

## Espigerði 20 108 Reykjavík

**46.900.000**



**OPIÐ HÚS þriðjudaginn 16. júlí kl. 18:30-19:00**

**Stærð:** 100,0 m²

Falleg og vel skipulögð 3-4ra herbergja íbúð á 2.hæð. Stofa er rúmgóð og björt með útgengi á s-svalir, eldhús með vandaðri innréttingu, þvottahús inn af eldhúsi, flísalagt baðherbergi og 2 mjög rúmgóð svefnherbergi þar sem tvö hafa verið sameinuð í eitt stórt. Mjög góð íbúð miðsvæðis í borginni.
**Upplýsingar veitir Þóra fasteignasali í gsm: 822 2225**

## Holtsvegur 14 220 Garðabæ

**59.900.000**



**OPIÐ HÚS miðvikudaginn 15. júlí kl. 17:30-18:00**

**Stærð:** 122,1 m²

Glæsileg 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýli með miklu útsýni. Stofa er björt og rúmgóð, útgengi á tvennar svalir til suðurs og vesturs. Eldhús með vandaðri innréttingu og granít á borðum tengist stofu í opnu rými, baðherbergi með stórri flísalagðri sturtu og vandaðri innréttingu, svefnherbergi eru 3 öll rúmgóð, harðparket á gólfum. **Upplýsingar veitir Þóra fasteignasali í gsm: 822 2225**

## Hrafnhólar 21 800 Selfoss

**52.900.000**



**OPIÐ HÚS fimmtudaginn 16. júlí kl. 17:30-18:00**

**Stærð:** 167,9 m²

Fallegt og vel skipulagt steinsteypt parhús á einni hæð ásamt stórum bílskúr. Innangengt er í skúrinn um þvottahúsið. Stofa er rúmgóð og björt með aukinni lofthæð og gólfsíðum gluggum og útgengi á stóran sólpall með skjólvegg og fallega gróinn garðinn, baðherbergi eru 2, svefnherbergi eru 3, eldhús með vandaðri innréttingu og eldunareyju. Eign í sérflokki. **Uppl. veitir Þóra fasteignasali í gsm: 822 2225**

## Hellishólar 3 800 Selfoss

**43.900.000**



**OPIÐ HÚS fimmtudaginn 16. júlí kl. 18:30-19:00**

**Stærð:** 128,0 m²

Fallegt og vel skipulagt 4ra herbergja raðhús á einni hæð ásamt bílskúr. Innangengt er í skúrinn. Stofa er rúmgóð og björt með gólfsíðum gluggum og útgengi á stóran timbursólpall með skjólveggjum og fallega gróinn garðinn, baðherbergi með sturtu og baðkari, svefnherbergi eru 3 öll rúmgóð, eldhús með hvítri innréttingu tengist stofu í opnu rými. Mjög gott fjölskylduhús. **Upplýsingar veitir Þóra fasteignasali í gsm: 822 2225**

## Drekakór 7 203 Kópavogi

**94.900.000**



**OPIÐ HÚS miðvikudaginn 17. Júlí kl. 17:30-18:00**

**Stærð:** 220,1 m²

Glæsilegt parhús á tveimur hæðum ásamt tvöföldum bílskúr. Húsið er staðsett innst í götu og næg bílastæði. Eignin skiptist í forstofu, 5 rúmgóð svefnherbergi, innréttað þvottahús, tvö glæsileg baðherbergi, borðstofu, stofu og vandað, velbúið eldhús sem tengist stofu í opnu rými. Tvennar svalir eru á hæðinni. Á neðri hæð er innangengt í bílskúrinn með flísalögðu gólfi. **Upplýsingar veitir Þóra fasteignasali í gsm: 822 2225**

# FOLD
## FASTEIGNASALA

*Sóltún 20 • Sími: 552 1400*
*www.fold.is • fold@fold.is*



**Viðar Böðvarsson**
viðskiptafr. og lögg. fast.
vidar@fold.is / 694-1401

**Gústaf Adolf Björnsson**
íþróttafræðingur og lögg.fast
gustaf@fold.is / 895-7205

**Kristín Pétursdóttir**
lögg. fast.
kristin@fold.is / 8241965

**Anna Ólafía Guðnadóttir**
íslenskufræðingur

**Rakel Viðarsdóttir**
viðskiptalögfr. og í löggildingarnámi
rakel@fold.is / 699-0044

**Einar Marteinsson**
lögg. fast.
einarm@fold.is / 893-9132

**Bjarklind Þór**
löggildingarnemi
bjarklind@fold.is / 690-5123

## Vesturberg 191, 111 Rvk.,
**OPIÐ HÚS MÁNUDAGINN 15. JÚLÍ KL. 16:30-17:15**




214,9 fm vel skipulagt einbýlishús með auka íbúð. Eigninni fylgir bílskúr. Aðalhluti hússins skiptist í fjögur svefnherbergi, borðstofu, stofu, eldhús og baðherbergi. Á neðri hæð er ágæt þriggja herbergja íbúð. Bílskúr með hita, vatni og rafmagni.
**Verð 74,9 milljónir.**

**Opið hús mánudaginn 15. júlí kl. 16:30-17:15, verið velkomin.**

## Markarflöt 57, 210 Gb, einbýli á einni hæð.
**OPIÐ HÚS ÞRIÐJUD. 16. JÚLÍ FRÁ 16:30-17:15**




Markarflöt 57: Vandað rúmlega 200 fm. einbýlishús á einni hæð með bílskúr á frábærum stað í enda götu. Húsið er með 4 svefnherbergjum. Það er talsvert endurnýjað, stendur hátt í götunni og er með góðu útsýni í suður. Bílskúrinn er um 50 fm. og húsið um 150 fm. Stór lóð með fallegum garði, góðri útiaðstöðu og nýjum heitum potti.
**Verð 85,9 millj.**
**Opið hús þriðjudaginn 16 .júlí kl. 16:30-17:15, verið velkomin.**

## Unufell 25
**OPIÐ HÚS MIÐVIKUDAGINN 17. JÚLÍ KL. 16:30-17:15**




94,7 fm björt og smart íbúð á þriðju hæð í Fellahverfinu, Rúmgóð stofa, stórar yfirbyggðar svalir. Eldhús er opið inn í stofu með eyju á milli. Nýjar borðplötur, blöndunartæki og vaskur, þvottahús inn af eldhúsi.Þrjú rúmgóð svefnherbergi eru í íbúðinni eitt með skápum. Baðherbergi er með baðkari og sturtuhaus og lítilli baðinnrétingu.
**Verð 36.9 m.**
**Opið hús miðvikudaginn 17. júlí kl. 16:30-17:15, verið velkomin.**

## Merkurteigur 4, 300 Akranes.
**EINBÝLISHÚS Á ÞREMUR HÆÐUM.**



Tæplega 180 fm. reisulegt og fallegt hús á góðum stað á Akranesi. Á 1. hæðinni eru stofur, eldhús, gestasnyrting og forstofa. Á 2. hæðinni eru þrjú svefnherbergi og rúmgott baðherbergi. Svalir eru frá gangi á 2. hæð. Í kjallara eru herbergi, þvottahús, geymslur o.fl. Þar er sérinngangur og hægt að útbúa séríbúð. Afgirt lóð.
**Verð 34,9 millj.**
**Velkomið að bóka skoðun: 552-1400 / fold@fold.is.**

## Dísarás
**TIL LEIGU**



Ca. 170 fm raðhús við Dísarás í Árbæjarhverfi, 110 Reykjavík.
**Neðri hæð:** Forstofa, gestasalerni, eldhús, stofa, borðstofa og sólstofa.
**Efri hæð:** Þrjú svefnherbergi, sjónvarpshol, baðherbergi og þvottahús.
Leigutími er 11 mánuði frá 1. september 2019 - 1. ágúst 2020.

**Leiguverð 300 þús á mánuði (með húsgögnum).**

## Óskum eftir

**Opinber aðili óskar eftir íbúðum til kaups eða leigu.**

**-Íbúðir í öllum hverfum Reykjavíkur til kaups eða leigu fyrir opinberan aðila, traustar greiðslur.**

## Hvað kostar eignin mín?
**Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401**

## *Þú finnur okkur á fold.is*



# Fullt af öflugu sölufólki!

hagvangur.is

HAGVANGUR

Reykjavík | Snæfellsbæ | Höfn Hornafirði

# VALHÖLL FASTEIGNASALA
Síðan 1995

Síðumúla 27 | 588 7744 | www.valholl.is



Ingólfur Geir Gissurarson
Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali og leigumiðlari
896 5222

Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri. Löggiltur fasteignasali B.Sc
693 3356

Snorri Snorrason
Löggiltur Fasteignasali
895 2115

Úlfar F. Jóhannsson
hdl. Lögfræðingur. Löggiltur Fasteignasali. Skjalagerð.
692 6906

*Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!*



Margrét Sigurgeirsdóttir
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
588 4477

Pétur SteinarJóhannsson
Aðstoðarm. fasteignasala
Snæfellsnesi
893 4718

Anna F. Gunnarsdóttir
Löggiltur Fasteignasali
Lista og innanhús Stílisti
892 8778

Sturla Pétursson
Löggiltur Fasteignasali.
899 9083

Framúrskarandi fyrirtæki 2015 2018

***Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð***

***Allir þurfa þak yfir höfuðið***

## GNOÐARVOGUR 70. RISHÆÐ. OPIÐ HÚS.




Nánari upplýsingar:
Ingólfur Gissurar.
Lögg.fasteignasali
Sími: 896 5222
ingolfur@valholl.is

**Opið hús þriðjudaginn 16.júlí 2019. kl. 17.00 - 17,45.**
Glæsileg 120 fm ris / penthouse hæð í góðu 6 íbúða húsi á frábærum stað. Mikið endurnýjuð eign. Nýl. eldhús, bað, gólfefni og fl. Góðar suðvestur svalir. 2-3 svefnherbergi og gott skipulag. **Verð 57,9 millj.**

## LUNDARBREKKA 14. 5.HERB. OPIÐ HÚS.




Nánari upplýsingar:
Ingólfur Gissurar.
Lögg.fasteignasali
Sími: 896 5222
ingolfur@valholl.is

**Opið hús mánudag 15.júlí 2019. kl. 17.00 - 17,30 íbúð 02-02**
Velskipulögð 4ra herbergja íbúð á 3.hæð ásamt aukaherbergi á jarðhæð alls 101,6 fm. Gott þvottaherbergi + búr. Tvennar svalir. Viðgerð í gangi á húsinu, greidd af seljanda. **Verð 42 m.**

## ÞORRAGATA 9, 2-3JA HERB. 127FM ÚTSÝNISÍBÚÐ




Nánari upplýsingar:
Sturla Pétursson
Löggiltur fasteignasali
899 9083

**Opið hús Miðvikudaginn 17. júlí frá kl. 17.00-17.30.** Glæsileg íbúð í húsi fyrir 63+. Góð staðsetning og aðkoma. Bílskúr og geymsla innaf. Íbúðin er einstaklega björt með fallegu útsýni yfir Skjerjafjörð og Álftanes. Laus við kaupsamning.

## TRÖLLAKÓR 13-15. 3JA + STÆÐI Í BÍLAHÚSI




Nánari upplýsingar:
Snorri Snorrason
Lögg. fasteignasali
Sími: 895-2115
snorri@valholl.is

**OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 16. JÚLÍ FRÁ KL.17.30 TIL 18.00.**
3ja herb., 80,3 fm íbúð á 4. hæð í lyftuhúsi ásamt stæði í upphituðu bílastæðishúsi. Sér inngangur af svölum Útsýni og suðursvalir. **Verð 42,9m.**

## STIGAHLÍÐ 3 TIL 4RA HERB. ÍBÚÐ Á 4. HÆÐ




Nánari upplýsingar:
Snorri Snorrason
Lögg. fasteignasali
Sími: 895-2115
snorri@valholl.is

**OPIÐ HÚS MÁNUDAGINN 15. JÚLÍ FRÁ KL.17.30 TIL 18.00.**
3ja-4ra herb., 80 fm íbúð á 4. hæð við Stigahlíð. Nýjir gluggar, nýtt járn á þaki, sem seljandi greiðir fyrir. Góð staðsetning. Laus við kaupsamning. **Verð 39,0m.**

## SÓLTÚN 18. GLÆSILEG ENDAÍBÚÐ.




Nánari upplýsingar:
Ingólfur Gissurar.
Lögg.fasteignasali
Sími: 896 5222
ingolfur@valholl.is

Glæsileg 3ja herbergja 120 fm endaíbúð í suður á 4.hæð (næstefstu) ásamt stæði í bílageymslu (innangengt). Vandaðar eikarinnréttingar og tæki, tvennar svalir, þvottaherbergi í íbúð. Laus við kaupsamning. **Verð 58,5 m.**

## DALAÞING 203 FM, PARHÚS, 4 - SVEFNH,



Nánari upplýsingar:
Heiðar Friðjónsson
Lögg. fasteignasali
Sími: 693-3356
heidar@valholl.is

Nýtt vel skipulagt og skemmtilega hannað 202,9 fm parhús á tveimur hæðum við Dalaþing í Kópavogi. Húsið er til afhendingar tilbúið að utan, með hellulagðri innkeyrslu, og tilbúið til innréttinga að innan, sjá nánari skilalýsingu. Fjögur svefnherb. rúmgóðar stofur. **Verð 82,9 milj**

## BREKKUGATA URRIÐAHOLTI 220 FM RAÐHÚS



Nánari upplýsingar:
Heiðar Friðjónsson
Lögg. fasteignasali
Sími: 693-3356
heidar@valholl.is

Höfum tekið til sölumeðferðar raðhúsalengju á tveimur hæðum við Brekkugötu í Urriðaholti. **Miðjuhús v: 78,9 milj, endahús v: frá 84,9 milj.** Húsin skilast við kaupsamning tilbúin undir tréverk að innan og tilbúin að utan. Skemmtilegt skipulag. **Pantið skoðun.**

## GULLSMÁRI 7. FYRIR ELDRI BORGARA.




Nánari upplýsingar:
Ingólfur Gissurar.
Lögg.fasteignasali
Sími: 896 5222
ingolfur@valholl.is

Falleg og velskipulögð ca 76 fm 3ja herbergja suðvestur íbúð á 2.hæð í eftirsóttu lyftuhúsi sem hefur tengingu við þjónustumiðstöð fyrir aldraða. Góðar suðvestur svalir. Þvottaaðstaða á baði. Búr innaf eldhúsi. **Verð 44,9 m.**

## GLÆSILEG 3JA HERB. Í GÓÐU HÚSI VIÐ LAUGARVEG.



Nánari upplýsingar:
Heiðar Friðjónsson
Lögg. fasteignasali
Sími: 693-3356
heidar@valholl.is

Björt og skemmtileg 102,8 fm íbúð á annari hæð við Laugarveg í Reykjavík. Íbúðin skiptist í tvö herbergi, baðherbergi, rúmgott endurnýjað eldhús sem er opið inní stofur. Endurnýjað baðherbergi með sturtu og lagt fyrir þvottavél á baði. **Verð 59,9 milj.**

## SKYGGNISBRAUT 16, NÝ 120 FM 5- HERB. MEÐ STÆÐI




Nánari upplýsingar:
Heiðar Friðjónsson
Lögg. fasteignasali
Sími: 693-3356
heidar@valholl.is

Ný 5- herbergja 120,7 fm með stæði í bílageymslu við Skyggnisbraut 16 í Úlfarsárdal. Glæsilegar hvítar innréttingar og skápar, flísalagt baðherbergi með glugga. Fjögur góð svefnherbergi. Steinn á borðum, uppþvottarvél fylgir. **Verð 49,9 m.**

## EINBÝLISHÚS AÐ VESTURBERG 107



Nánari upplýsingar:
Anna F. Gunnarsd.
Lögg. fasteignasali
Sími: 892-8778
anna@valholl.is

Eign með mikla möguleika.Vel skipulagt 214 fm einbýlishús m. bílskúr. Stutt er í alla skóla og þjónustu. AUÐVELT AÐ ÚTBÚA AUKA-ÍBÚÐ Á NEÐRI HÆÐ MEÐ SÉRINNGANGI. Þarfnast standsetningar að hluta. **Verð 69,8 m.** Skipti á minni möguleiki.

## LAMBHAGAVEGUR 9 ATVINNUHÚSNÆÐI



Nánari upplýsingar:
Heiðar Friðjónsson
Lögg. fasteignasali
Sími: 693-3356
heidar@valholl.is

Erum með í sölu Lambhagaveg 9, sem er glæsilegt atvinnuhúsnæði á framtíðarstað í Reykjavík, rétt við Bauhaus. Bilin eru með 5-6 m lofthæð um 200 fm, öll með baðherb. og ræstih. Stór innkeyrsluhurð og inngönguhurð á hverju bili. Laus við kaups. **Verð frá 54,5 milj.**

## HEIMSENDI - HESTHÚS Á BESTA STAÐ.



Nánari upplýsingar:
Ingólfur Gissurar.
Lögg.fasteignasali
Sími: 896 5222
ingolfur@valholl.is

Velskipulagt ca 8-9 hesta hús (skv, nýju reglugerðinni), 95,6 fm við Heimsendi 7 í Kópavogi. Setustofa, snyrting, hnakkageymsla, hlaða og graðhesta hólf. Sér hestagerði.

## NORÐURNES



Nánari upplýsingar:
Anna F. Gunnarsd.
Lögg. fasteignasali
Sími: 892-8778
anna@valholl.is

Einstakar ca hálfs hektara eignarlóðir undir sumar/heilsárshús í einstöku umhverfi örskammt frá Rvk. (30 mín). Vegir klárir. Heitt og Kalt vatn á lóðarmörkum ásamt rafmagni og ljósleiðara. **9 lóðir eftir af 26.**

**Valhöll fasteignasala | Síðumúla 27 | Sími 588 4477 | www.valholl.is**


VEIÐIDÓT FYRIR ALLA
FLADEN
vöðlu tilboð með skóm
kr. 24.900
Fladen
Neoprene vöðlur
kr. 16.900
Veiðijakkar
mikið úrval
Airflo Delta Classic
fluguveiðisett
kr. 29.900
Shimano Combo
Sienna 2500 210cm
7fet Junior sett
kr. 15.900
Fladen Vantage Carbon
veiðisett
kr. 10.900
Shimano veiðihjól
mikið úrval
mikil gæði
kr. 24.900
Abu Garcia
Abumatic 170i
kr. 16.900
Fladen Maxximus F13
13 kúlulegur
Aukaspóla
kr. 13.900
Veiðisett fyrir unga fólkið
Orvis Ultralight Convertible
4ra laga öndunarvöðlur
margar stærðir
fyrir bæði konur og kalla
kr. 49.900
Veiðisett með
lokuðu hjóli og línu,
2 spúnar og sakka
125 cm
kr. 4.950
Stöng Lína á
hjóli 0,28 mm
Lokað kasthjól
Spúnn fylgir.
kr.4.950
Sett með útdraganlegri
165cm stöng
Lokað hjól með línu
spúnn fylgir
kr. 4.590
Vesturröst
Sérverslun veiðimanna - Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturrost.is - vesturrost@vesturrost.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



EL-GO rafmagnsvespur. Ekkert próf, engin skráning, BARA GAMAN. Vespurnar eru til í fjórum flottum litum. Verð frá 152.000.- kr.

## Þjónusta

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**

### Pípulagnir

**PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA**
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
**Uppýsingar í síma 868-2055**

Pipulagnaþjónustan oje 780-3939. Allt almennt viðhald og breytingar. Dren, frárennsli.

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

**MÁLARAR.**
Faglærðir Málarar. Tökum að okkur alla almenna málningarvinnu. Sanngjarnt verð. S. 696 2748 / loggildurmalari@gmail.com

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Spádómar




**SPASIMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**SPÁSÍMINN 9086116.**
Ástir,Fjármál,Heilsa. Opið alla daga.

## Keypt & Selt

### Til sölu







Kassagítarar í úrvali Gitarinn ehf Kassagitarar á tilboði Rafmagnsgitarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

### Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Skólar & Námskeið

### Námskeið



**ICELANDIC, ENGLISH, NORWEGIAN & DANISH F. FOREIGNERS - ENSKA, NORSKA, DANSKA, SÆNSKA**
Levels/Stig: I - 6: Start/Byrja: 22/7, 19/8, 16/9, 14/10, 11/11, 9/12. 2020: 13/1, 10/2, 8/3, 6/4. 4/5. 4 weeks/ vikur x 5 days/daga. 2-4 students/ nem. AM & PM/fh & eh. Price/Verð: 49.500,- Most labour unions pay back 75-90 % of course price/Flest stéttafélög endurgreiða 75-90% námsgjalds. www.iceschool. is - ff@icetrans.is - facebook.com/ iceschool. Fullorðinsfræðslan- IceSchool, Ármúli 5. 108 s. 8981175/5571155

## Húsnæði

### Atvinnuhúsnæði

**FRÍSTUNDABIL.**
TIL LEIGU EÐA SÖLU 50 m2 bil. Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús. Facebook: Steinhella 14. Sími: 661-6800

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500







### Til sölu



**AKU skórnir eru framleiddir á Ítalíu úr 100% evrópskum íhlutum og efnum**

## AKU SUPERALP GTX
**39.990 kr.**
STÆRÐIR 35-48




# Hafðu (AKU) með í valinu

Til að velja rétta gönguskó er nauðsynlegt að bera saman allar helstu gerðir. Best er að gefa sér góðan tíma, fara á alla helstu sölustaði, prófa, máta og taka upplýsta ákvörðun.

Léttir gönguskór herra / kvenna
**AKU TRIBUTE GTX**
**24.990 kr.**

fáanlegir í 2 litum
Borgarskór / Herra
**AKU Ledro FG MID GTX**
**26.990 kr.**

fáanlegir í 2 litum
Léttir borgarskór / Herra
**AKU Bellamont II Mid Plus**
**26.990 kr.**

fáanlegir í 3 litum
Lágir gönguskór, borgarskór / Kvenna
**AKU Bellamont Gaia GTX**
**23.990 kr.**

Kvenna
Lágir, millistífir gönguskór
**AKU Tengu Low GTX**
**27.990 kr.**

Borgarskór / kvenna
**AKU Riva High GTX**
**26.990 kr.**

Lágir gönguskór / borgarskór / herra
**AKU Climatica NBK GTX**
**26.990 kr.**

Lágir gönguskór / borgarskór / kvenna
**AKU Climatica Suede GTX**
**24.990 kr.**

Gönguskór með góðan stuðning / kvenna
**AKU ALTERRA GTX**
**31.990 kr.**

Gönguskór með góðan stuðning / herra
**AKU ALTERRA GTX**
**31.990 kr.**

NÝTT
Léttir göngu-/ hlaupaskór / herra
**AKU Selvatica GTX**
**24.990 kr.**

NÝTT
Léttir göngu-/ hlaupaskór / kvenna
**AKU Selvatica GTX**
**24.990 kr.**

# KEEN SANDALAR OG GÖNGUSKÓR KEEN

### KEEN Venice kvenna
Frábært grip á breytilegu undirlagi, sandalarnir anda vel en eru jafnframt með lokaða tá sem verndar tærnar fyrir hnjaski. Léttir og áræðanlegir.
*Stærðir: 35-42*
15.990 kr.

***ALLAN DAGINN***
***ALLA DAGA***
***ALLTAF***

KEEN

### KEEN Newport herra
Lokuð tá sem verndar tærnar fyrir hnjaski. Gott grip á sóla, hvort sem er á þurru eða blautu undirlagi, innlegg mótast eftir fætinum og veitir góðan stuðning. Þetta eru sandalar sem þú getur notað allan daginn, alla daga.
*Stærðir: 40-48,5*
15.990 kr.

KEEN Targhee III Mid WP herra/kvenna
Vatnsheldir gönguskór
23.990 kr.

KEEN Venice II H2 kvenna
Stillanlegt hælband, lokuð tá
15.990 kr.

KEEN Targhee III WP herra/kvenna
Vatnsheldir gönguskór
19.990 kr.

KEEN Newport H2 herra
Lokað hælband, lokuð tá
14.990 kr.

KEEN Evofit One kvenna
Góður stuðningur, lokuð tá
18.990 kr.

KEEN Evofit One herra/kvenna
Góður stuðningur, lokuð tá
18.990 kr.

KEEN Rialto herra
Leður, stillanlegt hælband og lokuð tá
21.990 kr.

Smiðjuvegur 8, Græn gata
200 Kópavogi, sími: 571 1020
www.ggsport.is

Fylgstu með okkur á Facebook og á Instagram

# GG•sport

GG-sport
BYKO

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
15. JÚLÍ 2019 MÁNUDAGUR



**Halla Bergþóra og eiginmaðurinn Kjartan.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Jákvæðni, bjartsýni og dugnaður skiptir miklu

**Náttúrubarnið, laxveiðikonan og lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra, Halla Bergþóra Björnsdóttir, er fimmtug á morgun**

Halla Bergþóra er fædd 16. júlí 1969 á Húsavík. Hún á sterkar rætur á Laxamýri í Suður Þingeyjarsýslu. „Foreldrar mínir Björn Gunnar Jónsson og Kristjóna bjuggu þar og móðir býr enn, en faðir minn lést 1997,“ segir Halla.

Faðir hennar var bóndi og móðir hennar heimavinnandi ásamt því að sinna hlutastörfum á Húsavík. Laxamýri var félagsbú tveggja bræðra og sá faðir Höllu um kúabú og bróðir hans um kindur. „Ég var því mikið í fjósi sem barn og unglingur og hef því mjög gaman af kúm. Það að alast upp á Laxamýri voru forréttindi. Ég upplifði mikið frelsi sem barn og nánd við náttúru. Ég tel að það hafi hjálpað mér mikið í gegnum lífið,“ segir hún.

„Mér finnst jákvæðni og bjartsýni einnig mikilvæg. Við eigum alltaf að reyna að sjá það jákvæða í fólki og vinna út frá því. Dugnaður er síðan nauðsynlegur til að koma hlutunum í verk.“

Halla sótti nám í Hafralækjarskóla, en lauk grunnskóla á Húsavík 15 ára gömul. „Ég var þar um veturinn hjá vinafólki og kom heim um helgar til að hjálpa pabba í fjósinu,“ segir Halla. Hún fór síðan til Reykjavíkur 16 ára í Menntaskólann við Sund og lauk stúdentsprófi þaðan árið 1989. Þá tók hún árs leyfi og vann á Alþýðublaðinu og Pressunni. Hún lauk síðan kandídatsprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1995 og meistaraprófi í Evrópurétti frá lagadeild Stokkhólmsháskóla árið 1999. Lögmannsréttindi við héraðsdóm hlaut hún ári fyrr.

### Fyrsta lögreglukonan í Þingeyjarsýslum

„Ég vann við sveitastörf alla æsku og hjálpaði alltaf til heima með fram námi og annarri vinnu. Á sumrin vann ég í kjötvinnslu á Húsavík og á sjúkrahúsinu. Seinna, með námi í lagadeild, starfaði ég sem afleysingamaður hjá lögreglunni. Ég varð fyrsta konan í Þingeyjarsýslum til að starfa sem lögreglumaður og hef æ síðan haft mikinn áhuga málefnum tengdum löggæslu og saksókn,“ segir Halla.

Eftir útskrift starfaði hún hjá sýslumannsembættum bæði í Reykjavík og á Húsavík, lögmannsstofu í Reykjavík sem lögmaður, og í dómsmálaráðuneytinu frá 2002-2009 við ýmsa málaflokka. Hún var svo sett sýslumaður og lögreglustjóri á Akranesi 2009 og síðan lögreglustjóri á Norðurlandi eystra í ársbyrjun 2015.

### Kynntust í Kverkfjöllum

Eiginmaður Höllu, Kjartan Jónsson er frá Húsavík. Hann er rafmagnsiðnfræðingur og vinnur hjá Verkís. „Við erum bæði að norðan en kynntumst fyrst í Kverkfjöllum og leiðir okkar lágu saman nokkrum árum síðar. Saman eigum við tvö börn. Jón, sem er að verða 16 ára, og Jónu Birnu, 13 ára.“

**Mér finnst jákvæðni og bjartsýni einnig mikilvæg. Við eigum alltaf að reyna að sjá það jákvæða í fólki og vinna út frá því. Dugnaður er síðan nauðsynlegur til að koma hlutunum í verk.**

Áhugamál Höllu eru flest tengd útivist. Þar eru gönguferðir með eiginmanninum og fjölskyldu ómissandi. Hundurinn Brúnó Rex er sjaldan fjarri. „Ég hef gaman af því að veiða lax og silung og veiði nær eingöngu í Laxá í Aðaldal fyrir Laxamýrarlandi,“ segir Halla. „Mér finnst svo nærandi að veiða. Hlusta á nið árinnar, lykta af gróðrinum, fylgjast með fuglalífi, og sjá hvernig áin breytist við mismunandi veðurskilyrði. Og svo er það spennan við að veiða lax. Ég hef fengið náttúruna beint í æð. Með aldrinum verður náttúruvernd mér æ mikilvægari.“

Halla er alæta á bækur. Þegar hún var yngri las hún allar bækur sem til voru á Laxamýri, allt frá rómantík til ævisagna. „Nú hef ég ekki eins mikinn tíma en er samt oftast með tvær til þrjár bækur á náttborðinu,“ segi hún.

Aðspurð segir Halla að aldurinn leggst mjög vel í sig. „Ég er þakklát fyrir hvert ár sem ég fæ að eldast. Maður hugsar aðeins til baka á svona tímamótum og sér hvað tíminn er ótrúlega afstæður. Mér finnst tíminn líða mjög hratt og velti því fyrir mér hvort sú tilfinning eigi enn eftir að aukast. Þá verða bara alltaf jól – sem er í sjálfu sér ekki slæmt,“ segir hún hlæjandi.

En hvað á gera í tilefni afmælisins?

„Ég býð starfsfélögunum upp á afmæliskaffi í vinnunni á morgun. Eftir vinnu fer ég á Laxamýri með fjölskylduna að hitta móður mína, bróður minn og hans fjölskyldu. Finnst líklegt að við borðum eitthvað gott saman og eigum góðan tíma. Svo stefni ég á að halda einhverja gleði um næstu helgi fyrir vini,“ segir Halla Bergþóra.

**david@frettabladid.is**




✝

Einlægar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýju og vinarhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Báru R. Sigurjónsdóttur**
sjúkraliða,
Kársnesbraut 65, Kópavogi,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni 14. júní. Sérstakar þakkir fær starfsfólk Sóltúns fyrir góða aðhlynningu og hlýhug.

**Jón Rúnar Hartmannsson**
**Unnsteinn Gísli Oddsson** **Þórdís Sigríður Hannesdóttir**
**Linda Kristín Oddsdóttir** **Sigmar Eðvaldsson**
**Sigdís Hrund Oddsdóttir** **Viðar Már Þorsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


ÞETTA GERÐIST 15. JÚLÍ 1799

## Rósettusteinninn finnst

Franski hermaðurinn Pierre-Francois Bouchard fann hinn merka Rósettustein norðaustan við borgina Rashid í Egyptalandi. Gerðist það í hinni misheppnuðu tilraun Napóleons til að ná landinu af Bretum. Frakkar gerðu sér grein fyrir því að mikil verðmæti kynnu að finnast í Egyptalandi og sendu sérstaka sveit listfræðinga með herdeildunum.

Þremur árum síðar komst steinninn í hendur Breta og er hann nú ein helsta gersemi Þjóðminjasafns þeirra. Strax á nítjándu öld hófust miklar rannsóknir



**Einn merkasti fornleifafundur sögunnar.** NORDICPHOTOS/GETTY.

á steininum en á honum eru tilskipanir Ptólemajosar V faraós og egypskra klerka frá árinu 196 fyrir Krist. Var hann hafður til sýnis í hinni fornu borg Sais en síðar færður til Rashid.

Áletranirnar eru ritaðar þrisvar sinnum, á fornegypsku, forngrísku og híróglýfum. Hætt var að nota híróglýfur á fjórðu öld og fræðimönnum gekk illa að ráða myndtextann. Eftir rannsóknir franska málfræðingsins Jean-Francois Champollion varð Rósettusteinninn að ómetanlegum vegvísi til að skilja aðra texta.




B.
BRANDTEX

Kringlan | Sími: 5582800 | Brandtex Ísland | www.brandtex.is

CISO SIGNATURE B. BRANDTEX JENSEN

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Mánudagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 15 °C | 5 |
| Ísafjörður | 12 °C | 1 |
| Akureyri | 16 °C | 2 |
| Egilsstaðir | 18 °C | 3 |
| Kirkjubæjarklaustur | 13 °C | 3 |
| Hveravellir | 11 °C | 6 |

Suðaustlæg átt, 3-10 m/s og dálítil rigning eða súld víða um land, en þurrt að kalla NA-til fram undir kvöld. Áfram skýjað og lítilsháttar úrkoma í flestum landshlutum í dag. Hiti 12 til 20 stig, hlýjast norðaustanlands.

## Þriðjudagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 14 °C | 1 |
| Ísafjörður | 14 °C | 2 |
| Akureyri | 17 °C | 3 |
| Egilsstaðir | 15 °C | 3 |
| Kirkjubæjarklaustur | 11 °C | 6 |
| Hveravellir | 12 °C | 5 |

## Miðvikudagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 16 °C | 2 |
| Ísafjörður | 13 °C | 3 |
| Akureyri | 15 °C | 2 |
| Egilsstaðir | 14 °C | 3 |
| Kirkjubæjarklaustur | 13 °C | 5 |
| Hveravellir | 13 °C | 1 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 9 | | | 2 | | | |
| | | | | 7 | 5 | 6 | 9 | |
| | 5 | | 8 | | 4 | | | 7 |
| | 9 | 3 | 4 | | 8 | | | 5 |
| 4 | 8 | 1 | | | 3 | | | 9 |
| | | 7 | | 6 | | 3 | 4 | |
| | | 8 | 5 | | | | | |
| | 3 | | 1 | | 9 | | 5 | |
| 1 | | | | 8 | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 9 | 2 | | 5 | | | |
| | | | 9 | | | | | 4 |
| 2 | 5 | 7 | 3 | 4 | | | | |
| 9 | | | | 5 | 3 | | | |
| | 2 | 6 | | | | | | 3 |
| 3 | | | | | | 6 | | 9 |
| 5 | | 4 | | 7 | | 2 | | 6 |
| | | 1 | | | | 7 | 4 | |
| | | | | | 8 | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 7 | 3 | | |
| 7 | | | 6 | | | | 9 | 4 |
| | | 1 | | 4 | | | | 6 |
| | | 4 | | 2 | 5 | | 8 | |
| 6 | | | | | | 9 | 5 | |
| | | 5 | 3 | | 9 | | | |
| | | | | 7 | | | | |
| | | 8 | | | | 4 | | |
| | 5 | 6 | | | | 2 | | 1 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 Sníkill
5 Gras
6 Íþróttafélag
8 Jurt
10 Rómversk tala
11 Amboð
12 Garmur
13 Ríki í SV-Asíu
15 Matarsódi
17 Hökta

**LÓÐRÉTT**
1 Lyf
2 Fjall
3 Þjálfa
4 Hindra
7 Álandsvindur
9 Fáeina
12 Rétt
14 Óðagot
16 Hljóm

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1 afæta, 5 sef, 6 fh, 8 planta, 10 il, 11 orf, 12 skar, 13 írak, 15 natrón, 17 stama.
**LÓÐRÉTT:** 1 aspirin, 2 fell, 3 æfa, 4 aftra, 7 hafræna, 9 nokkra, 12 satt, 14 ras, 16 óm.

## Skák Gunnar Björnsson

Blees átti leik gegn Dextre í Ungverjalandi árið 1985.

**1...Bxc2+! 2. Kxc2 Rb4+ 3. Kb1 Df5+ 4. Ka1 Rc2+ 5. Kb1 Ra3+ 6. Ka1 Db1+! 7. Hxb1 Rc2# 0-1.** Stefán Bergsson og Björn Þorfinnsson enduðu báðir í verðlaunasæti í Portoroz í Slóveníu. Hannes Hlífar Stefánsson tekur þátt í alþjóðlegu móti í Hollandi. Hefur gert jafntefli í þrem fyrstu umferðunum.

**www.skak.is:** Íslendingar tefla erlendis.

**Svartur á leik**



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 9 | 2 | 8 | 4 | 5 | 7 | 1 | 3 |
| 1 | 3 | 4 | 6 | 7 | 2 | 8 | 9 | 5 |
| 5 | 7 | 8 | 9 | 3 | 1 | 4 | 2 | 6 |
| 2 | 8 | 7 | 1 | 5 | 3 | 9 | 6 | 4 |
| 9 | 6 | 5 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 | 7 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 9 | 6 | 5 | 8 | 2 |
| 4 | 1 | 3 | 5 | 6 | 9 | 2 | 7 | 8 |
| 7 | 2 | 9 | 3 | 8 | 4 | 6 | 5 | 1 |
| 8 | 5 | 6 | 2 | 1 | 7 | 3 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 7 | 5 | 4 | 8 | 3 | 6 | 1 |
| 8 | 4 | 5 | 6 | 3 | 1 | 9 | 2 | 7 |
| 1 | 3 | 6 | 9 | 2 | 7 | 4 | 5 | 8 |
| 7 | 5 | 2 | 1 | 6 | 3 | 8 | 9 | 4 |
| 3 | 9 | 8 | 4 | 5 | 2 | 1 | 7 | 6 |
| 6 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 |
| 2 | 7 | 1 | 8 | 9 | 5 | 6 | 4 | 3 |
| 5 | 6 | 3 | 2 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 |
| 4 | 8 | 9 | 3 | 7 | 6 | 5 | 1 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 4 | 8 | 2 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 6 | 3 | 7 | 1 | 9 | 5 | 4 | 8 | 2 |
| 8 | 9 | 2 | 3 | 4 | 7 | 5 | 1 | 6 |
| 2 | 8 | 6 | 5 | 1 | 9 | 7 | 4 | 3 |
| 9 | 7 | 5 | 4 | 3 | 8 | 6 | 2 | 1 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 6 | 2 | 8 | 9 | 5 |
| 4 | 2 | 8 | 6 | 5 | 3 | 1 | 7 | 9 |
| 5 | 1 | 9 | 2 | 7 | 4 | 3 | 6 | 8 |
| 7 | 6 | 3 | 9 | 8 | 1 | 2 | 5 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.






## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# MicellAIR®
## HREINSILÍNA

**FYRIR VATNSHELDAN FARÐA**




**NIVEA MicellAIR Expert** hreinsilínan fjarlægir vatnsheldan farða á mildan en áhrifaríkan hátt með Miceller tækninni, í bland við þurrolíu og svart te. Það er óþarfi að skola af eða nudda. Hreinsar fullkomlega og án þess að skilja eftir filmu eða klístur.

Smáratorgi | Holtagörðum | Akureyri | Ísafirði

Freistandi útsölutilboð



Sumar útsala

ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

www.dorma.is
VEFVERSLUN
ALLTAF OPIN

Afgreiðslutími Rvk
Mánud. til föstud. kl. 11.00-18.30
Laugard. kl. 11.00-17.00
Sunnud. kl. 13.00-17.00 (Smáratorgi)

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast



# DAGSKRÁ

# Mánudagur

## RÚV SJÓNVARP

**13.00 Útsvar 2015-2016 Reykjavík - Reykhólahreppur**
**14.15 Enn ein stöðin**
**14.40 Maður er nefndur Tómas Árnason** Í þessum þætti ræðir Hannes Hólmsteinn Gissurarson við Tómas Árnason fyrrverandi ráðherra og seðlabankastjóra. Tómas segir frá ætt sinni og uppruna og uppvextinum á Hánefsstöðum í Seyðisfjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu. Tómas segir frá minningum sínum varðandi hernám Breta. Hann talar um námsárin í Menntaskólanum á Akureyri og í lagadeild Háskóla Íslands. Tómas tíundar störf sín í varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins og á Tímanum. Einnig segir hann frá árunum sem hann var alþingismaður og ráðherra og að lokum segir hann frá starfi sínu í Seðlabanka Íslands.
**15.10 Út og suður**
**15.35 Af fingrum fram – Pálmi Gunnarsson**
**16.25 Ferðalok, Landnám Auðar djúpúðgu**
**16.55 Vögguvísa úr öðrum heimi - Saga Brasilíufaranna**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Lalli**
**18.08 Minnsti maður í heimi**
**18.09 Símon**
**18.14 Refurinn Pablo**
**18.19 Letibjörn og læmingjarnir** Teiknimyndaþættir um björn sem býr í þjóðgarði í Kanada og heldur að hús skógarvarðarins sé yfirráðasvæði hans þegar skógarvörðurinn bregður sér frá.
**18.28 Klingjur**
**18.39 Mói**
**18.50 Landakort**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Sumarið**
**20.00 Apollo 8. Leiðangur sem breytti heiminum** Heimildarmynd um sögulega ferð Apollo 8 geimfarsins umhverfis tunglið í desember 1968 þar sem menn sáu jörðina í fyrsta sinn í öllu sínu veldi utan úr geimnum.
**20.50 Hið sæta sumarlíf**
**21.10 Sýknaður** Önnur þáttaröð þessara norsku spennuþátta um Aksel Borgen, sem flytur aftur til heimabæjar síns tuttugu árum eftir að hann var sýknaður af ákæru um að hafa myrt kærustu sína. Atriði í þættinum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Tónlistarsaga Evrópu** Heimildarþáttaröð í fjórum hlutum um tónlistarsögu Evrópu frá barokktímabilinu til tuttugustu aldarinnar.
**23.50 Haltu mér, slepptu mér**
**00.35 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 Marathon Classic** Útsending frá lokadegi Marathon Classic á LPGA-mótaröðinni.
**10.00 Scottish Open** Útsending frá lokadegi Scottish Open á Evrópumótaröðinni.
**15.00 John Deere Classic** Útsending frá lokadegi John Deere Classic á PGA-mótaröðinni.
**20.00 PGA Highlights** Hápunktarnir á PGA-mótunum.
**20.55 Marathon Classic**
**22.55 Golfing World**
**23.45 PGA Highlights**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Tonight Show**
**09.30 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 LA to Vegas**
**13.30 Black-ish**
**13.50 The Neighborhood**
**14.15 Crazy Ex-Girlfriend**
**15.00 90210**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show**
**19.00 The Late Late Show**
**19.45 Rel**
**20.10 Gordon, Gino and Fred. Road Trip**
**21.50 MacGyver**
**22.35 Mayans M.C**
**23.35 The Tonight Show**
**00.20 The Late Late Show**
**01.05 NCIS**
**01.50 NCIS. Los Angeles**
**02.35 For the People**
**03.20 Lengd 00.45**
**04.05 I'm Dying up here**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér: Guðmundur Birgir Halldórsson viðburðarstjóri**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Flugur: Kántrýrokk**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Sumarmál. Fyrri hluti**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Sumarmál. Seinni hluti**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Til allra átta: Tex-mex og tómlæti**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Frakkneskir fiskimenn**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Hátalarinn**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Tengivagninn**
**18.00 Kvöldfréttir**
**18.10 Brot úr Morgunvaktinni**
**18.30 Útvarp KrakkaRÚV**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva**
**20.35 Hátalarinn**
**21.30 Kvöldsagan. Ósjálfrátt**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Sumarmál. Fyrri hluti**
**23.05 Sumarmál. Seinni hluti**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.55 Almost Friends**
**13.35 The Red Turtle**
**15.00 Leatherheads**
**16.55 Almost Friends**
**18.40 The Red Turtle**
**20.05 Leatherheads**
**22.00 Pitch Perfect 3**
**23.35 The Foreigner**
**01.30 Losers**
**02.45 Pitch Perfect 3**

## STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.25 The Middle**
**07.45 Grey's Anatomy**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Catastrophe**
**10.05 Grand Designs**
**10.55 The Great British Bake Off**
**11.55 Landnemarnir**
**12.35 Nágrannar**
**12.55 Britain's Got Talent**
**14.00 Britain's Got Talent**
**14.25 At the Heart of Gold. Inside the USA Gymnastics Scandal**
**16.00 The Big Bang Theory**
**16.20 Manstu**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.45 Sportpakkinn** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**18.55 Veður**
**19.00 Modern Family**
**19.20 Grand Designs Australia**
**20.15 Running with Beto**
**21.50 S.W.A.T.**
**22.35 The Son**
**23.20 60 Minutes**
**00.05 Our Girl**
**01.00 Jett** Hörkuspennandi þættir frá HBO um þjófinn Daisy Kowalski eða Jett eins og hún er þekkt í undirheimunum. Þegar Jett losnar úr fangelsi bíða hennar hættulegir glæpamenn sem svífast einskis til að fá hana til að vinna fyrir sig.
**01.50 Knightfall** Önnur þáttaröð þessara ævintýralegu og spennandi þátta sem fjallar um síðustu daga riddara Musterisreglunnar á 14 öld.
**02.35 Keeping Faith**
**03.25 Keeping Faith**
**04.20 Keeping Faith**

## STÖÐ 3

**19.10 Kevin Can Wait**
**19.35 Bob's Burgers**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 Wrecked**
**21.15 Empire**
**22.00 Who Do You Think You Are?**
**22.45 Supernatural**
**23.30 The Hundred**
**00.15 Kevin Can Wait**
**00.40 Seinfeld**
**01.05 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.55 ÍBV - Selfoss** Útsending frá leik í Pepsi Max deild kvenna.
**09.35 Úrslitaleikur kvenna. Lyon - Barcelona**
**11.15 Úrslitaleikur. Tottenham - Liverpool**
**13.00 Haukar - Grindavík** Útsending frá leik í Inkasso deild kvenna.
**14.40 Formúla 1. Bretland - Keppni**
**17.00 ÍBV - FH**
**18.45 Víkingur - Fylkir** Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**22.00 Þór/KA - Valur**
**23.40 NBA - Bill Russell** Þáttur frá NBA um Bill Russel.

## STÖÐ 2 SPORT 2

**17.50 Þór/KA - Valur** Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild kvenna.

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |



# ALLT ER GOTT SEM BYRJAR VEL

Fríið byrjar hjá okkur. Skoðaðu vöru- og veitingaúrvalið okkar á wheninkef.is og byrjaðu fríið fyrr.

**Við hlökkum til að sjá ykkur.**

www.wheninkef.is #wheninKEF

KEFLAVIK AIRPORT



Vintage Caravan var þétt að vanda og hristi upp í liðinu.





Allt eins og það á að vera og stemmarinn góður.



Rokkhundar fara að öllu með gát og hljóðeinangra ungviðið.

# Þungt rokk? Þetta rokk á að vera þungt



Á rokkhátíðum er fátt mikilvægara en að vera töff.




Hljóðfærunum voru engin grið gefin á sviðinu.

**Þungarokkarar þess lands héldu árshátíð sína, í fimmtánda sinn, með taktföstu og eldhressu Eistnaflugi í Neskaupstað um helgina. Þessi fjögurra daga rokkveisla hófst á miðvikudag og eftir það var hvergi slegið af eins og myndirnar sýna og sanna.**

Eistnaflug hefur fyrir löngu fest sig í sessi sem sannkölluð árshátíð þeirra sem vilja rokkið sitt í þyngri kantinum. Þótt útlitið kunni enn að blekkja einstaka smásálir eru þungarokkarar upp til hópa víðsýnt og ljúft fólk, allir gátu fundið eitthvað við sitt hæfi og þannig sló poppkóngur Íslands, sjálfur Páll Óskar, botninn í hátíðina eins og honum einum er lagið.

Margar þekktustu rokkhljómsveitir landsins, þar á meðal Sólstafir, Dimma og Brain Police, tróðu upp á hátíðinni auk nokkurra erlendra gesta sem gáfu hvergi eftir í hasarnum á hátíðinni sem hefur farið fram árlega frá 2005.

Eistnaflug hefur vaxið og dafnað frá ári til árs, er nú orðin að fjögurra daga rokkveislu og flutt aftur á byrjunarreit í Egilsbúð eftir nokkur ár í íþróttahúsinu í Neskaupstað.

Þótt rokkið hafi verið í öndvegi var hægt að dunda sér við ýmislegt annað þegar stundir gáfust milli stríða. Bjórhlaup, jóga, skrifstofustólarallí og luftgítarkeppni voru til dæmis í boði svo fátt eitt sé nefnt. **eddakaritas@frettabladid.is**



Hiti, sviti, hausahristingur og hávaði með tilheyrandi djöfulgangi eiga við á hátíðum eins og Eistnafluginu.



Eriggi allir í stuuuuðiiiiii?!!! Auðvitað! En ekki hvað?



**ÚTSALA**

**ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR**

# HÁGÆÐA SKRIFSTOFUSTÓLARNIR FRÁ WAGNER

Dondola® VELTITÆKNI



-36%

**ERGOMEDIC 100-2/100-3**

**119.900 kr.**

fullt verð 189.900 kr.

Dondola® VELTITÆKNI



-37%

**ALUMEDIC**

**139.900 kr.**

fullt verð 222.900 kr.

Höfuðpúði seldur sér.

FAGAÐILAR MÆLA MEÐ WAGNER

Elís Þór Rafnsson sjúkraþjálfari

KIROPRAKTORSTOFA ÍSLANDS



**H1**

**RAFMAGNSBORÐ**

120x80

**52.900 kr.**



-30%

**TN MÖPPUSKÁPAR OG HIRZLUR**

# Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37 Sími: 564-5040 www.hirzlan.is






**Willum Þór fylgdist með dóttur sinni keppa með Breiðabliki á Símamótinu um helgina og svaraði kallinu þegar dómara vantaði í nokkra leiki og munaði lítið um viðvikið enda reyndur leikmaður og þjálfari.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Willum Þór dæmdi á Símamótinu

Metfjöldi stelpna tók um helgina þátt í Símamótinu á völlum Breiðabliks í Kópavogi. Foreldrar tóku sem fyrr virkan þátt utan vallar og jafnvel innan líka en athygli vakti að formaður fjárlaganefndar, Willum Þór Þórsson, tók að sér dómgæslu í nokkrum leikjum.

Ég tók einhverja leiki. Dóttir mín var að spila og við vorum bara eins og aðrir foreldrar að vinna þarna," segir Willum Þór Þórsson, þingmaður Framsóknarflokksins og formaður fjárlaganefndar Alþingis, í samtali við Fréttablaðið.

„Ég var bara nánast í kallfæri um helgina þegar á þurfti að halda en það eru ótrúlega margir sem koma að þessu og eru tilbúnir að leggja hönd á plóginn," segir Willum sem munaði vitaskuld lítið um að dæma nokkra leiki, hokinn af reynslu bæði sem leikmaður og þjálfari.

„Ég hef nú aðallega haft skoðanir á dómgæslu í gegnum tíðina," segir þingmaðurinn og segist halda ró sinni fullkomlega þótt hann eigi barn sem berjist á vellinum. Hann sé víðs fjarri því að vera „fótboltapabbi" sem standi gargandi brjálaður við hliðarlínuna.

„Nei, ég er alveg svakalega slakur. Alveg rosalega slakur og það er eiginlega fátt sem ég nýt eins vel og að horfa á fótbolta án þess að bera nokkra ábyrgð á því sem fram fer á vellinum. Þannig að mér finnst bara alveg ótrúlega góð afslöppun að horfa á fótbolta. Og þá sérstaklega þessi yngstu vegna þess að þau eru svo einlæg í þessu."

**Milli tveggja elda**

Símamótið á rætur að rekja til Gull- og silfurmótsins sem varð til um miðjan níunda áratuginn í Kópavoginum þegar nokkrum feðrum stelpna sem æfðu með Breiðabliki fannst tilfinnanlega vanta alvöru mót fyrir stelpurnar að keppa á.

Mótið breyttist síðar í Símamótið og enn á það varnarþing sitt í Kópavoginum og þar er Willum vel kunnur enda gamall leikmaður Breiðabliks þótt hann verði í raun alltaf fyrst og fremst KR-ingur.

„Ég er auðvitað fæddur og uppalinn í Vesturbæ Reykjavíkur þannig að ég er nú KR-ingur í grunninn," segir Willum sem hóf feril sinn með KR og bætir við að hann verði alltaf trúr upprunanum.

„Ég skipti yfir í Breiðablik kringum 1990 og ég bjó ég í Kópavoginum og þykir nú alltaf vænt um Blikana og svo eru öll börnin mín í Breiðabliki." Willum segir Blikana vissulega eiga heiður skilinn fyrir Símamótið og hann muni vel eftir því þegar ævintýrið byrjaði með Gull- og silfurmótinu.

„Ég man vel eftir þessu. Þetta er merkileg og ótrúlega flott saga," segir hann og tekur fram að andinn hafi ekkert breyst og foreldrarnir taki þátt af lífi og sál og leggi hönd á plóg eins og í upphafi. „Svo bara stækkar þetta og stækkar og er bara algerlega til fyrirmyndar."

**Á enn orku í pakkanum**

Willum segist aðspurður ekki svo uppgefinn eftir deilurnar um þriðja orkupakkann á þingi að hann geti ekki vel stokkið til og dæmt fótboltaleiki. „Nú tekur maður þetta bara til þess að safna orku fyrir loka orkustríðið. Ég reyni nú að hugsa sem minnst um það að við fáum þriðja orkupakkann aftur inn í þingið í lok ágúst en við hljótum að klára þetta þá," segir formaður fjárlaganefndar og bætir við að honum finnist mun skemmtilegra að tala um fótbolta, Breiðablik og KR en orkupakkann.

**toti@frettabladid.is**

## WILLUM Á VELLINUM

Willum hóf knattspyrnuferil sinn sem leikmaður hjá KR en færði sig síðar yfir í Breiðablik og enn síðar til Þróttar þar sem hann hóf þjálfaraferil sinn. Hann kom Þrótti upp í Úrvalsdeildina 1997 þaðan sem liðið féll 1998 á markatölu. Árið 2000 tók hann síðan við Haukum.

Willum tók við þjálfun KR 2002 og leiddi liðið til sigurs í Úrvaldeildinni árin 2002 og 2003. Leiðir skildu síðan 2004 og Willum tók við Val sem var þá að snúa aftur í Úrvalsdeild. Liðið náði 2. sæti undir hans stjórn og sigraði í bikarkeppninni. Valur varð Íslandsmeistari 2007 og Willum hætti að þjálfa liðið sumarið 2009 og þá lá leiðin til Keflavíkur.

Willum tók aftur við KR á miðju tímabili 2016 en sneri sér síðar af fullum krafti á sparkvelli íslenskra stjórnmála.

> ÉG ER AUÐVITAÐ FÆDDUR OG UPPALINN Í VESTURBÆ REYKJAVÍKUR ÞANNIG AÐ ÉG ER NÚ KR-INGUR Í GRUNNINN.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*




**Bernhard - Honda á Íslandi**
Vatnagörðum 24
104 Reykjavík
Sími 520 1100
www.honda.is

Umboðsaðilar:

Bílver
Innesvegi 1
Akranesi
Sími 431 1985

Höldur
Þórsstíg 2
Akureyri
Sími 461 6020

Bragginn
Flötum 20
Vestmannaeyjum
Sími 481 1535

HONDA

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Láru G. Sigurðardóttur




## Áhyggjur bannaðar

Ég sit undir loftkælingu á Hawaii eyjunni Kauai. Hitinn er svo mikill að mann langar til að spranga um á nærklæðunum einum fata. Kauai er svolítið eins og Heimaey nema 100-falt stærri að flatarmáli. Þar er afslappað andrúmsloft, villt hænsni í staðinn fyrir lunda á vappi við verslanir og heimahús, og ég hef ekki séð neinn pirrast í umferðinni. Ósjálfrátt hægist á öllum hugsunum hérna.

Í handbók um Kauai hnaut ég um setningu þar sem segir að ólöglegt sé fyrir ferðamenn að taka áhyggjur með sér á eyjuna. Nú veit ég ekki hvort maður yrði hnepptur í fangelsi ef maður færi að ræða áhyggjur sínar af loftslagsbreytingum eða hve erfitt væri að hneppa buxunum eftir ísinn sem maður var að éta.

Þessi óopinbera regla innfæddra fékk mig þó til að hugsa – frí eru sannarlega til að njóta en ekki veltast um eigin hugsanaflækjur. Einu sinni áður hef ég rekist á álíka reglu og það var í skólanum þar sem ég nam jógafræði á Íslandi. Og svo þegar ég sjálf stofnaði fyrirtæki ákváðum við að fylgja sama hætti og skilja eigin áhyggjur eftir við þröskuldinn.

Mér finnst þessi regla að skilja áhyggjurnar eftir bara nokkuð viðeigandi. Það er nefnilega enginn annar en maður sjálfur sem er flugumferðarstjóri eigin hugsana. Eins og þeir stjórna ekki hvaða flugvélar koma í ratsjána þá stjórnum við ekki hvaða hugsanir sækja að okkur. En líkt og flugumferðarstjóri stjórnar flugumferð þá getum við annaðhvort hleypt umferð þessara hugsana um okkar ratsjársvæði eða vísað þeim frá – allavega þessum dags daglegu. Og finna fegurðina í umhverfinu og fólkinu í kringum okkur en hér heilsast allir og kveðja með aloha - sem í raun táknar ást, frið og samkennd.








